



**SKOÐUN** Guðmundur Andri skrifer um föðurlandsást og innflytjendameningu. **13**



**MENNING** Pórdís Gísla-dóttir sendir frá sér nýja ljóðabók, Velúr. **20**



**LÍFÍÐ** Steve Hackett, gítarleikari Genesis, vinnur með Todmobile. **30**



**SPORT** Stelpurnar eiga líf-inn mögulega á umspili eftir jafntefli í Danmörku. **26**

FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINI Í ÖLLUM HERBERGJUM

**SONOS** **Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTKJAVERSLUN • SÍÐMILLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur  
16. júní 2014  
139. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

**FRÉTTIR**



**Gerir þátt um æðardún**  
Hátt í fjórutíu manns taka þátt í dúntekju í Hvallátrum á Breiðafirði. BBC myndar dúntíngsluna. **2**

**Plastpokalaust sveitarfélag**  
Umhverfistöpur Stykkishólms vill að verslanir í bænum hætti notkun plastburðarpoka næsta haust. **6**

**Endurgreiði gjöld af iPod**  
Héraðsdómur Reykjavíkur segir í dómi að iPod Touch-tæki hafi verið flokkuð í rangan tollflokk um árabíl. **6**

**Keyptu 5 milljóna bíl**  
Austurbrú á Austurlandi keypti tæplega fimm milljóna króna bíl þegar rekstrarhallinn var 20 milljónir króna. **8**

## Kærði dómara og sérstakan saksóknara fyrir skjalfafals

Ýmislegt bendir til þess að hlerunarúrskurður sem veittur var um hlustun á símtölum Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, hafi verið falsaður. Ríkissaksóknari tók ekki efnislega afstöðu til sannleiksgildis ásakana í úrskurði sínum en Hreiðar Már kærði dómara og sérstakan saksóknara vegna málsins.

**LÖGREGLUMÁL** Svo virðist sem hlerunarúrskurður sem sérstakur saksóknari fékk í maí 2010 frá héraðsdómara hafi verið falsaður. Úrskurðurinn var veittur til að heimila hlerun á sínum Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings.

Hreiðar Már kærði Ólaf Þór Hauksson, sérstakan saksóknara, og Benedikt Bogason, þáverandi héraðsdómara en nú hæstaréttardómara, til ríkissaksóknara fyrir brot í opinberu starfi með vísan í þennan meinta falsaða úrskurð.

Þetta er meðal ástæðna sem eru grundvöllur frávisunarkröfu Hreiðars í máli sérstaks saksóknara á

hendur honum, sem þingfest var á dögnum.

Í kærinni segir að því sé haldið fram í úrskurðinum að hann hafi verið veittur í Héraðsdómi Reykjavíkur og að Ólafur Þór hafi sótt þing fyrir hönd embættis sérstaks saksóknara. Þar hafi hann lagt fram kröfu um símhlustun ásamt upplýsingaskýrslu. Hreiðar heldur því fram að ekkert af þessu sé rétt.

Þvert á móti hafi þinghaldið verið haldið á heimili dómarsins og skrifleg beiðni hafi ekki legið fyrir. Þá hafi Ólafur Þór ekki sótt þinghaldið sjálfur heldur lögreglumenn á hans vegum. Einn lögreglumannanna sem sótti hlerunarúrskurðinn heim

til dómarsins staðfestir í samtali við fréttastofu að atvik hafi verið með þeim hætti sem Hreiðar lýsir.

Benedikt vildi ekki tjá sig efnislega um þessar ásakanir við fréttastofu að öðru leyti en því að vísa í niðurstöðu ríkissaksóknara. Hann sagðist hins vegar vísa ásökunum alfarið á bug.

Ríkissaksóknari vísaði kærinni frá á þeim grundvelli að samkvæmt lögum fyrndust brot af þessu tagi á tveimur árum og taldist það því fyrnt á þeim tíma sem kæran kom fram. Þá segir í niðurstöðum ríkissaksóknara að þær upplýsingar sem kunna að hafa verið rangar í úrskurðinum, það er stað-

→ Dómarinn vildi ekki tjá sig efnislega um þessar ásakanir að öðru leyti en því að vísa í niðurstöðu ríkissaksóknara. Hann sagðist hins vegar vísa ásökunum alfarið á bug.

setning þinghaldsins, hver mætti og beiðnin sem vantaði, hafi enga þýðingu varðandi efni og niðurstöðu úrskurðarins. Tilgangurinn hafi verið lögmætur þó upplýsingarnar gætu hafa verið rangar. -fbj

**SHALDÖR** 12

Bolungarvík	12°	SSV	5
Akureyri	17°	SSV	3
Egilsstaðir	19°	SSV	3
Kirkjubæjarkl.	12°	S	4
Reykjavík	13°	SSA	6

**Dáltil væta** víða fram eftir degi en bjart með köflum norðaustanlands. Rofar heldur til síðdegis. Hiti 10–20 stig. **4**

**3 SÉRBLÖÐ**

Skrifstofan | Fasteignir | Fólk



**VERÐA EKKI MEÐ Á HM Í KATAR** Íslenska karlalandsliðið í handbolta missti í gær af tækifærinu til að spila á heimsmeistarátönu í Katar á næsta ári. Vonbrigði strákanna okkar leyndu sér ekki í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

### Strákarnir ekki á HM 2015: Mikil vonbrigði í Laugardalshöll

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar í íslenska karlalandsliðinu í handbolta verða ekki með á HM 2015 í Katar. Þeir gerðu jafntefli við Bosnía, 29–29, í Laugardalshöll í gærkvöldi en Bosníumenn unnu fyrri leikinn með einu marki og tryggðu sér því farseðilinn til Katar á næsta ári.

Vonbrigðin voru eðlilega mikil enda hefur Ísland verið með á öllum stórmótum nema einu síðan árið 2000. Strákarnir fá nú hvíld í janúar.

„Nú þýðir ekkert annað en að safna vopnum og koma okkur inn á næsta Evrópumót. Svo þarf að ná framúrskarandi árangri þar til þess að komast til Ríó. Þannig er það bara,“ sagði Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari sársvektur eftir leikinn. -hbg / sjá síðu 24

## Samningar hafa enn ekki tekist í kjaradeilu Icelandair og flugvirkja: Verkfall gæti skolið á í vikunni

**KJARAMÁL** Samningar tókust ekki við flugvirkja Icelandair í gær en fundað var í húsakynnum ríkissáttasemjara frá klukkan tvö til rétt rúmlega sjö um kvöldið.

Í dag skellur á

eins dags vinnustöðvun flugvirkja en næstkomandi fimmtudag hefst ótímabundið verkfall ef ekki næst að semja fyrir þann tíma.

„Þessu miðar mjög hægt,“ segir Maríus Sigurjónsson, formaður samninganefndar flug-

virkja. „Það er allavega ekki komin niðurstaða sem menn eru sáttir við.“

Bein afskipti stjórnvalda gætu mögulega komið í veg fyrir ótímabundið verkfall. Þær upplýsingar fengust frá innanríkisráðuneytinu í gær að ekki hefði verið tekin ákvörðun um að setja lög á verkfallið. Það hefði þó ekki verið slegið út af borðinu og grannt væri fylgst með stöðu mála. -bá



**Magnolia Officinalis**  
Betri svefn, betri líðan

Natural Health Labs  
Magnolia Officinalis  
Mertex phellodensis

Öll betri apótek, Hagkaup, Fjarðarkaup, Heimkaup, Lifandi Markaður, Heilsuhúsið og Heilsuhorníð Blómavali

**Gasblöðrur**  
Minni: kr. 798. Stærri: kr. 1098

**Iceland**

Vertu laus við **LÍÐVERKINA!**

20% af 90 tbl.

**NUTRILENK**  
MARINE COLIC

**NUTRILENK**  
GOLD

## SPURNING DAGSINS



Birta, veldur þetta miklu fjaðrafoki á heimilinu?

Jú, vissulega, að nóttu til, en yfir daginn dettur allt í dúalogn.

Birta Björnsdóttir er fatahönnuður í Barcelona en hún fékk uglu í afmælisgjöf frá eiginmanni sínum, Jóni Páli Halldórssyni.

Már Guðmundsson vill halda áfram að stjórna Seðlabankanum og sendir inn umsókn í vikunni:

## Sækist eftir embætti seðlabankastjóra áfram

**STJÓRNSÝSLA** Már Guðmundsson, núverandi seðlabankastjóri, mun sækja um starfið að nýju. Már tilkynnti þetta í viðtali við Björn Inga Hrafnsson í þættinum Eyjunnunni á Stöð 2 í gær.

Embætti seðlabankastjóra var auglýst þann 2. júní og er umsóknarfrestur til mánaðamóta.

Í þættinum í gær sagðist Már hafa velt þessum málum fyrir sér í töluverðan tíma, árangurinn sem náðst hefur væri brothættur og hann teldi ekki heppilegt að yfir-

gefa starfið í miðjum klíðum.

„Ég tel að ég hafi ekki getað tekið aðra ákvörðun vegna þess að það væri eins og að hlaupa frá borði,“ sagði Már í Eyjunnunni.

Stjórnvöld lýstu því yfir í febrúar að embættið yrði auglýst til umsóknar. Már sagði í kjölfarið að hann teldi líklegra en ekki að hann myndi sækja um.

Már sagði í gær að breytingar sem fyrri ríkisstjórn gerði á bankanum hefðu heppnast vel, það er að fækka seðlabankastjórum úr

þremur í einn. Þá væri peningastefnan í fastari skorðum en þær breytingar hefðu hins vegar verið gerðar í miklu skyndi og ekki í fullri sátt og því væri hann ánægður með endurskoðunina sem fyrirhuguð er.

Már sagðist ekki hafa látið stjórnvöld vita af þessari ákvörðun sinni. „Ég er ekki búinn að senda inn umsóknina en stefni að því að reyna að klára það í þessari viku,“ sagði Már í samtali við Fréttablaðið.



**EKKI VANTRAUST** Már segir stjórnvöld hafa ítrekað það allrækielega að auglýsing starfsins væri ekki yfirlýsing um vantraust á hans störf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SÆRÐIR KJÓSENDUR** Tveir Afganar dvelja á spítala eftir að talíbanar skáru af þeim vísingurna, sem dyft hafði verið í blek á kjörstað. NORDICPHOTOS/AFP

Forsetakosningar fóru fram í Afganistan um helgina:

## Talíbanar refska þeim sem kusu

**KABÚL, AP** Yfirvöld í Afganistan segja að talíbanar hafi í gær skorið fingur af ellefu kjósendum og drepit aðra ellefu fyrir að hafa greitt atkvæði í forsetakosningunum í landinu um helgina.

Talíbanar höfðu varað fólk við því að kjósa á laugardag en báðir framboðendurnir, Abdullah Abdullah og Ashraf Ghani Ahmadzai, hafa lofað að styrkja tengslin við Bandaríkin.

Samtals létu fleiri tugir manna lífið um helgina í sprengjuárásam andósmanna. Niðurstöður kosninganna verða tilkynntar í næsta mánuði.

- bá

Á fertugsaldri í lífshættu:

## Fjórir grunaðir um líkamsárás

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir karlmennt voru handteknir á Hvammstanga aðfaranótt sunnudags grunaðir um að hafa veitt manni á fertugsaldri lífshættulega áverka.

Lögreglan á Akureyri nýtur aðstoðar tæknideildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við rannsókn málsins. Gert er ráð fyrir að lögreglustjórnin á Akureyri muni fara fram á gæsluvarðhald yfir hinum handteknu.

Talið er að mennirnir hafi verið í gleðskap ásamt einum til viðbótar í íbúð eins árásmannanna. Maðurinn sem ráðist var á var fluttur á bráðadeild Landspítalans.

- fb

Konan enn ekki fundin:

## Dregið úr leit á Suðurlandi

**SLYS** Leit stendur enn yfir að konunni sem týndist í Fljótshlíð fyrir rúmri viku en leitarmönnum hefur verið fækkað. Að sögn Sveins Kristjánssonar Rúnarssonar, yfirlöggregluþjóns á Hvolsvelli, tóku aðeins um tíu til tuttugu manns þátt í leitinni í gær.

„Ef engar nýjar vísbendingar finnast verður þetta bara eftirlit með ákveðnum stöðum,“ segir Sveinn.

Leit hófst að konunni og erlendri vinkonu hennar síðastliðinn þriðjudag. Vinkonan fannst látin stuttu síðar en leit að þeirri íslensku hefur ekki borið árangur.

- bá

# BBC gerir þátt um íslenskan æðarfugl

Hátt í fjörutíu manns taka þátt í æðardúnstíslu í Hvallátrum á Breiðafirði. Þrír menn frá BBC eru staddir í eyjunum til að mynda tínslnu og kynna sér hvernig Íslendingar lifa af landinu. Afrakstur dúntekjunnar fer í rekstur og viðhald.

**NÁTTÚRA** „Þetta er bara hobbí hjá okkur,“ segir Þorvaldur Þór Björnsson, æðarbóndi í Hvallátrum í Breiðafirði. Um fjörutíu manns taka þátt í dúntíslu í eyjunum frá byrjun júní en öll vinnan er unnin af sjálfboðaliðum.

Menn frá náttúrufræðisdeild Breska ríkisútvarpsins, BBC, fylgjast grannt með lífinu í eyinni en þeir hafa ætlað sér að koma og mynda æðarfuglinn í fjögur ár. „Einn þeirra fór út í búð og keypti bók um Ísland á eitt pund. Þá kviknaði hjá honum áhugi á að gera eitthvað úr þessu,“ segir Þorvaldur. „Æðarfuglinn leikur stórt hlutverk í myndinni þeirra. Síðan hafa fléttast inn fleiri hlutir sem þeir vilja líka gera góð skil. Þeir fóru til dæmis og skoðuðu eggjatöku í Grímsey og hvernig á að háfa lunda.“ Veðrið hefur leikið við fólkið í Hvallátrum. „Mennirnir frá BBC eru búnir að vera á nærholnum í sólskini alla daga. Þeim finnst það skrítið þegar allir hafa talað um að á Íslandi sé alltaf hrollkalt.“

Seinni leitir hófust á föstudag og hefur dúntínslnan gengið vel. „Stemningin er góð og veðrið hefur verið einstakt í sumar. Við þurfum að fara í um það bil 267 eyjar og hólma svo þetta er mikið verk,“ segir Þorvaldur. Heimturu eru misjafnar eftir árum en algengt er að það náist að safna á bilinu fjörutíu til fimmtíu klófum af æðardúni í Hvallátrum. Dúnninn er meðal annars seldur til Japans og Þýskalands í gegnum fyrirtækið Íslenskur æðardúnn ehf.

Það eru sjö eigendur sem koma að Hvallátrum en æðardúnninn er



**UNGAPABBI** Æðarungarnir sem fá skjól hjá bændunum í Hvallátrum eru hændir að þeim sem sjá um þá. Hér sést Þorvaldur Þór Björnsson æðarbóndi með ungunum sínum. Börnin í eyinni taka unguna oft með í sjóund. FRÉTTABLAÐIÐ/IAN LLEWELLYN

ekki þeirra helsta atvinnu. „Menn taka sér bara frí til að gera þetta. Við tökum ekki krónu af því sem kemur inn heldur fer það allt í reksturinn.“ Ágóðinn af æðardúnninum hefur farið í viðhald í eyinni en þar er reisulegt íbúðarhús og skemma. „Við höfum verið að endurnýja þök og mála hús og svona. Svo keyptum við gröfu og tæki til að geta sinnt þessu betur. Við vorum líka að kaupa stóran bát til að komast á milli því það hefur verið talað um að Baldur verði lagður niður.“ Breiðafjarðarferjan Baldur hefur hingað til komið gestum Hvallátra út í Flatley en þaðan hefur smærri bátur ferjað alla út í eyju.

„Einn þeirra fór út í búð og keypti bók um Ísland á eitt pund. Þá kviknaði hjá honum áhugi á að gera eitthvað úr þessu.“

Þorvaldur Þór Björnsson, æðarbóndi.

Í Hvallátrum er æðarungum sem eru veikir eða hafa týnt móður sinni komið á legg. „Krakkarnir fara svo í sjóbað með ungunum og synda með þeim og svona.“ snaeros@frettabladid.is

Bilið milli fylgjenda og andstæðinga sjálfstæðs Skotlands fer minnkandi:

## Skólastjórar vilja ekki sjálfstæði

**SKOTLAND** Níu fyrrverandi skólastjórar í skokum háskólum hafa skrifað undir yfirlýsingu til stuðnings því að Skotland verði áfram hluti af Stóra-Bretlandi.

Skólastjórnir segja að sjálfstæði Skotlands myndi setja rannsóknarsjóði frá Bretlandi í hættu ásamt því sem ekki væri hægt að leggja skólagjöld á nemendur frá Bretlandi.

Hópur innan menntakerfisins í Skotlandi, Academics for Yes, hefur hins vegar áður sagt að sjálfstæði myndi vernda skoska háskóla.

Skotar munu ganga til atkvæða þann 18. september næstkomandi um hvort þeir vilji að þjóðin slíti sig frá Stóra-Bretlandi.

Samkvæmt nýrri könnun sem birt var í blaðinu Scotsman um helgina fer munurinn milli andstæðinga og fylgismanna sjálfstæðis landsins minnkandi.

Þannig segjast nú 36 prósent fylgjandi sjálfstæði, sem er tveimur prósentustigum meira en í könnunum fyrir mánuði. Andstæðingar eru 43 prósent sem er þremur prósentustigum minna en síðast. Þá hafa um tíu prósent Skota ekki gert upp hug sinn í málinu. Tæplega 40 prósent búast við djúpstæðum klofningi í Skotlandi eftir þjóðaratkvæðagreiðslu, hvernig sem fer.

- fbj



**HART BARIST** Skotar búast við að málið muni kljúfa þjóðina, hvernig sem fer. FRÉTTABLAÐIÐ/AF



Kringlunni  
Sími 568 7777  
heyarnarstodin.is

**HEYRNARSTÖÐIN**





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# LÁTTU HJARTAÐ RÁÐA FÖR

Láttu hjartað ráða för og farðu á [toyotahybrid.is](http://toyotahybrid.is)



AURIS HYBRID

Toyota Hybrid – ástæðan fyrir því að sex milljónir manna aka á ný með gleði í hjarta.

Auris Hybrid - verð frá: 4.590.000 kr.

TOYOTA  
HYBRID



Gæðalán Toyota í samstarfi við Ergo  
Fáðu 40% af verði nýrrar Toyotu að  
láni án vaxta í allt að þrjú ár.

Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgæfið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.  
40% vaxtalaust lán miðast við verðlistaverð án afsláttar. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

SVONA ERUM VIÐ



**4,9** er hækkun launa að meðaltali hjá opinberum starfsmönnum á fyrsta ársfjórðungi 2014 í prósentum.

Hækkunin var 5,7 prósent á almennum vinnumarkaði.

Heimild: Hagstofa Íslands

# Seðlabankinn gleymdi að fá staðfestingu ráðherra á reglum um gjaldeyrismál: Fellir niður mál vegna mistaka

**LÖGREGLUMÁL** Sérstakur saksóknari hefur nú til skoðunar að fella niður tíu mál þar sem grunur er um brot á reglum um gjaldeyrismál þar sem reglurnar teljast ekki tæk refsheimild. Seðlabanki Íslands lét fyrir farast að leita staðfestingar ráðherra á reglunum í lok árs 2008 eins og áskilið var í lögum. Sérstakur saksóknari hefur þegar fella niður sjö slík mál hjá embættinu.

Í Aserta-málinu svokallaða er fjórum mönnum gefið að sök að hafa brotið gjaldeyrislög en því

máli var vísað frá af héraðsdómi þar sem ákæran uppfyllti ekki kröfur sakamálagaga um skýrleika ákæru. Hæstiréttur hefur sent málið aftur til héraðsdóms.

Reglur um gjaldeyrismál sem mennirnir eru grunaðir um að hafa brotið voru hins vegar ekki réttlæga settar því það vantaði staðfestingu viðskiptaráðherra á reglunum eins og lög um gjaldeyrismál gerðu áskilnað um. Þetta er staðfest í bréfaskiptum milli aðila málsins.

Sérstakur saksóknari byggði í

→ Í Aserta-málinu svokallaða er fjórum mönnum gefið að sök að hafa brotið gjaldeyrislög.

málinu fyrir Hæstarétti eingöngu á lögum um gjaldeyrismál en ekki umræddum reglum þar sem fyrir lá að þær gætu ekki talist tæk refsheimild.

Seðlabankinn kærði ákvörðun sérstaks saksóknara um að fella málin niður til ríkissaksóknara sem staðfesti ákvörðunina. - þp / fbj



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Ef sérstakur saksóknari fellir niður tíu mál vegna mistakanna við reglugerðina hafa alls 17 mál endað á þann veg.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**HEFUR STÖRF** Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal ný sveitarstjórn taka við stjórn fimmtán dögum eftir kjördag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skipað í ráð og nefndir:

## Fyrsti fundur borgarstjórnar

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Fyrsti fundur nýrrar borgarstjórnar verður haldinn í Ráðhúsinu í Reykjavík í dag klukkan tvö.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, setur fundinn sem starfsaldursforseti og stýrir fundi þar til Sóley Tómasdóttir, fulltrúi Vinstri grænna, verður kjörin forseti borgarstjórnar. Kosid verður í allar nefndir og ráð en sætum er úthlutað samkvæmt d'Hondt-reglunni.

Dagur B. Eggertsson, verðandi borgarstjóri, segir skipan nefnda verða með sama hætti og áður utan þess að nýtt stjórnkerfis- og lýðræðisráð verður stofnað undir forystu Halldórs Auðar Svanssonar, oddvita Pírata, sem og að nefndarmönnum í skipulagsráði verður fækkað úr níu í sjö. - fbj

## LÖGREGLUMÁL

### Skurðarbretti á eldavél

Slökkviliðið var kallað að Þingholtsstræti í Reykjavík um tvöleystið í gær. Reyk lagði út um opinn glugga. Í ljós kom að reykinn lagði frá skurðarbretti sem skilið hafði verið eftir á eldavélarhellu. Lögregla komst inn til að slökkva á eldavélinni. Slökkviliðið sá um reyrkræstingu og voru skemmdir óverulegar.

### Datt á reiðhjól

Reiðhjólslasly varð á Geirsgötu við Kolaportíð í gær. Þar datt drengur á reiðhjól. Hann var fluttur á slysaðeild til aðhyllningar. Meiðsli hans eru ekki talin alvarleg.



**FLUGSTÖÐ LEIFS EIRIKSSONAR** Fella þurfti niður 65 flug Icelandair í dag vegna vinnustöðvunarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Samningar tókust ekki við flugvirkja

Í dag skellur á vinnustöðvun flugvirkja hjá Icelandair. Kjarasamningar tókust ekki í gær og mun ótímabundið verkfall hefjast á fimmtudag að óbreyttu. Innanríkisráðherra segist ekki hafa tekið ákvörðun um hvort setja eigi lög á verkfallið.

**KJARAMÁL** Samningar tókust ekki við flugvirkja Icelandair í gær en fundað var í húsakynnum ríkissáttasemjara frá klukkan tvö til rétt rúmlega sjö um kvöldið. Í dag skellur á eins dags vinnustöðvun flugvirkja en næstkomandi fimmtudag hefst ótímabundið verkfall ef ekki næst að semja fyrir þann tíma.

„Þessu miðar mjög hægt,“ segir Marius Sigurjónsson, formaður samninganefndar flugvirkja. „Það er allavega ekki komin niðurstaða sem menn eru sáttir við.“

Ljóst er að vinnustöðvun í dag veldur Icelandair talsverðu fjárhagslegu tjóni en fella þurfti niður 65 flug hjá félaginu sem hefur áhrif á um tólf þúsund farþega. Marius segir að samnings-

aðilar hafi samt sem áður rætt málin af ró í gær.

„Fundurinn var kannski jákvæðari en ég átti von á,“ segir Marius. „Þegar það er komið út í það að röskunin verður óumflýjanleg, þá kannski verður harkan meiri. En það var allavega rætt saman. Það var ekki skilið með neinum látum.“

Ekki liggur fyrir hversu miklu tjóni vinnustöðvunin mun valda Icelandair en Samtök atvinnulífsins áætluðu í vor að þegar flug raskaðist vegna verkfalla flugmanna næmi heildartjónið um milljarði á dag. Ljóst er að tjónið sem verður vegna vinnustöðvunar í dag verður mun meira.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafultrúi Icelandair, segir

fyrirtækið ekki byrjað að horfa til þess hvernig bregðast eigi við verkfalli á fimmtudag.

„Við hljótum að vona að það náist samningar fyrir þann tíma,“ segir Guðjón.

Bein afskipti stjórnvalda gætu mögulega komið í veg fyrir ótímabundið verkfall. Hanna Birna Kristjánsdóttir sagði í vor, í tengslum við verkfallsaðgerðir flugmanna, að hún myndi ekki setja lög á kjaradeilur nema í neyð og þá ekki án þess að kalla saman þing.

Þær upplýsingar fengust frá innanríkisráðuneytinu í gær að ekki hefði verið tekin ákvörðun um að setja lög á verkfallið. Það hefði þó ekki verið slegið út af borðinu og grannt væri fylgst með stöðu mála. bjarkia@frettabladid.is



**VEL HEPPNUÐ HÁTÍÐ** Börnin fengu meðal annars heimsókn frá Sollu stírðu úr Latabæ.

MYND/EINSTÖK BÖRN

Gleðidagur á Gufunesi:

## Einstök börn á sumarhátíð

**SAMFÉLAGSMÁL** Sumarhátíð félagsins Einstök börn fór fram um helgina á Gufunesi. Um er að ræða árlega skemmtun en í félaginu eru hátt í 250 börn sem eiga við sjaldgæfa sjúkdóma að stríða.

„Það voru allir rosalega glaðir,“ segir Guðrún Helga Harðardóttir, framkvæmdastjóri félagsins. Að sögn Guðrúnar Helgu fengu börnin meðal annars heimsókn frá Sollu stírðu, Íþróttálfinum og töframanni. „Svo voru hestar til að gefa börnum tækifæri til að fara á hestbak sem hafa ekki oft möguleika á því.“ - bá

## Mikill hraði í umferðinni: 109 slys vegna framúraksturs

**SLYS** Á árunum 2009 til 2013 mátti rekja 109 slys í umferðinni til ógætilegs framúraksturs og önnur 205 til of mikils hraða, samkvæmt tölum úr slysastrámi Samgöngustofu og VÍS.

Vegagerðin hefur unnið áhættumat á vegum landsins og sett upp merki til að vara við yfirvofandi hættum svo sem kröppum beygjum og lausagöngu dýra. Síðastliðinn áratug mátti rekja þrjú banaslys til ógætilegs framúraksturs. Samkvæmt tölfræði Samgöngustofu voru skráð 15 slys í fyrra þar sem einhver slasaðist af þessum sökum. Vart þarf að sökum að spyrja ef bílar skella saman á 90 km/klst. - s6j

**Voltaren Gel**  
20% afsláttur af 50g og 100g túbum

SUÐURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJAVER.IS

Opíð mán.-fös 8.30-18 og lau 10-14

**LYFJAVER**  
APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN

20% AFSLÁTTUR  
Gildir út júní 2014

### Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 25°	Friedrichshafen 23°	New York 25°
Apéna 31°	Gautaborg 19°	Orlando 31°
Basel 24°	Kaupmannahöfn 19°	Ósló 20°
Berlín 20°	Las Palmas 26°	París 22°
Billund 20°	London 17°	San Francisco 18°
Frankfurt 23°	Mallorca 26°	Stokkhólmur 15°

**Á MORGUN**  
Fremur hægur vindur víðast hvar.

**MÍÐVIKUDAGUR**  
Fremur hægur vindur víðast hvar.

**17. JÚNÍ** Norðaustanlands verður bjart með köflum fram eftir degi og hiti gæti farið yfir 20 stig en síðdegis þykkar upp. Sunnan og vestan til má búast við lífilsháttar úrkomu fyrri hluta dags en svo bætir í úrkomuna síðdegis.

**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

ALUGLSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is  
FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolli@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einaradóttir vera@365.is RÁÐAUGLSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PJÓNUSTUAUGLSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



Way of Life!

# SX4 S-CROSS

## Nýr fjórhjóladrifinn sjálfskiptur Suzuki S-Cross.

### Verð aðeins kr. 4.880.000



SX4 S-Cross er nýjasti jepplingurinn frá Suzuki. Einstaklega rúmgott farþega- og farangursrými er eins og hannað fyrir kylfinga. Nægilegt pláss fyrir 2-3 golfset og 2 kerrur í farangursrými. S-Cross kemur með öflugri og sparneytinni vél. Eyðsla aðeins 5,7 l/100 km í blönduðum akstri



### ALLGRIP

Golfvörurnar á myndunum  
fást í Golfskálanum, Mörkinni 3  
[www.golfskalinn.is](http://www.golfskalinn.is)

#### MEÐAL RÍKULEGS STAÐALBÚNAÐAR:

- All Grip, eitt fullkonnasta fjórhjóladrifskerfi sem völ er á
- Garmin leiðsögukerfi með íslenskum kortum
- Bakkmyndavél
- Lykillaus aðgengi og ræsing
- Tvískipt loftkæling
- 7 öryggisloftpúðar
- Hraðastillir (cruise control)
- Fullkomið hljómkerfi með 7 hátölurum og BlueTooth
- Álfelgur
- Dökkan rúður

### Komið og reynsluakið



SUZUKI SPARNEYTNI



TRAUST UMBOÐ Í YFIR  
40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

## VEISTU SVARIÐ?



1. Borgarstjóri hvaða Evrópuborgar sagði af sér vegna lögreglurannsóknar á föstudaginn?
2. Hvað heitir tvíburabróðir Halldórs Auðar Svanssonar, oddvita Pírata í Reykjavík?
3. Hvað er Kvannahlaup ÍSÍ gamalt í ár?

SVÖR

1. Feneija 2. Kári Auðar Svansson 3. 25 ára

Héraðsdómur segir í dómi að iPod Touch-tæki hafi verið flokkuð í rangan tollflokk um árabíl:

## Ríkið endurgreiði gjöld af iPod Touch

**DÓMSMÁL** Dómur féll á föstudag í máli sem rekið var gegn íslenska ríkinu vegna tollflokunar á iPod Touch-spjaldtölvum. Niðurstaðan var á þá leið að staðfest var að tækið hefur verið tollflokkað með röngum hætti um árabíl.

Þannig var tækið fyrst sett í tollflokkinn „hljóðupptöku- eða hljóðflutningstæki“ og síðar „myndupptökutæki eða myndflutningstæki“. Flokkunin leiddi til þess að innflytjendur vörunnar höfðu greitt umtalsverð gjöld

við innflutning hennar. Það fé, samtals rúmlega 16 milljónir ásamt vöxtum og dráttarvöxtum, ber ríkinu að endurgreiða.

Stefnandi, Skakkiturn ehf. umboðsmaður Apple á Íslandi, taldi að flokka ætti tækið í tollflokkinn „sjálfvirkar ferðagagnavinnsluvelar og einingar til þeirra“ og féllst dómurinn á þá flokkun en sá tollflokkur ber engin gjöld eða tolla.

„Þetta kemur í raun ekkert á óvart,“ segir Björg Ásta Þórðar-

dóttir, lögfræðingur hjá Félagi atvinnurekenda, sem aðstoðaði stefnanda. „Varan er tölva en ekki vasadískó og það vita allir sem hafa notað hana. Það sem meira máli skiptir er að innflytjendur geri sér grein fyrir því að tollflokkun er oft og tíðum röng. Það er erfitt að meta það með vissu en við höfum áætlað að í ákveðnum vöruflokkum séu allt að 15 til 20 prósent af vörum rangt flokkuð.“

Lögmaður Apple í málinu segir



**RÖNG TOLLFLOKKUN** Um 15 til 20 prósent af vörum eru líklega rangt flokkuð. Óljóst hvort ríkið ákveði að áfrýja niðurstöðunni en hún sé fagnaðarefni.



**NÝ HUGSUN** Jafnréttisráðherra Íslands sagðist myndu beina sérstakri athygli að karlmennsku-ímyndum í samfélaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Lögðu áherslu á að uppræta staðalímyndir á Nordic Forum:

## Jafnréttisstarf taki til karla og drengja

**JAFNRÉTTISMÁL** Eygló Harðardóttir, jafnréttisráðherra Íslands, lagði áherslu á að jafnréttisstarf á Norðurlöndum tæki til karlanna og drengja á jafnréttisráðstefnunni Nordisk Forum í gær.

„Á næstu árum ættum við að beina sérstakri athygli að mótun karlmennskuímynda í samfé-

laginu og áhrifum þeirra á samskipti kynjanna,“ sagði Eygló á ráðstefnunni.

Á fundinum kom fram að skólarnir væru kjörinn vettvangur til þess að uppræta staðlaðar kynjaímyndir og leggja grunn að nýjum hugsunarhætti um karlmennsku og nám- og starfsval til framtíðar.

- fbj

## Vilja plastpokalaust sveitarfélag í haust

Umhverfishópur Stykkishólms vinnur að því að verslanir í bænum hætti notkun plastburðarpoka frá og með komandi hausti. Markmiðið er að sveitarfélagið verði fyrst til að taka þetta skref og vinnan nýtist öðrum sveitarfélögum í framhaldinu.

**UMHVERFISMÁL** Stefnt er að því að gera Stykkishólm að fyrsta sveitarfélaginu á Íslandi þar sem burðarplastpokar munu ekki fást í verslunum. Tilraunaverkefni sem hefur þetta að markmiði lýtur einnig að því að þekkingin sem fæst í sumar nýtist öðrum sveitarfélögum til að fylgja í kjölfarið.

Menja von Schmalensee, líffræðingur og formaður umhverfishópsins, segir að skili verkefnið tilætluðum árangri muni Hólmarrar hætta notkun á burðarplastpokum í öllum verslunum í sveitarfélaginu í byrjun september.

Spurð um viðbrögð fólks í sveitarfélaginu segir Menja þau almennt góð, en mikið vatn eigi enn eftir að renna til sjávar áður en hægt verði að fullyrða um árangur verkefnisins. Undirbúningsvinnan sé vissulega hafin og gengur vel, en áður en umskiptin fara fram verði að svara því hvað koma eigi í staðinn fyrir plastið. Bæði er þörf fyrir lausnir fyrir verslun og ekki síður við sörpulosun. Vardandi innkaupin kemur margt til greina, s.s. fjölnota pokar, pappírspokar og maíspokar. Þegar kemur að sörpulosun hefur hópurinn leitað samstarfs við Íslenska gámafélagið, og geta maíspokar verið góð lausn í þeim efnum.

Einstakar verslanir hafa tekið hópnum vel, en hafa skal hugfast að stjórnendur verslana í Stykkishólmi sitja oft í Reykjavík, t.d. Vínubúðarinnar, Lyfju og Bónuss. Þess vegna teygir verkefnið sig vel út fyrir bæjarmörkin.

Menja segir að verkefnið snúist ekki síst um hugarfarsbreytingu, og sé hugsað í mun stærra samhengi en bara fyrir Stykkishólm.



**EFTIR SKEMMTANAHALD** Allir Íslendingar þekkjá myndir sem þessa og hlut plastíns í ruslaraskap landans.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Styrkur ráðuneytisins fékkst t.d. á þeim forsendum að vinnan myndi nýtast á fleiri stöðum í framhaldinu, sem segir nokkuð um vilja stjórnvalda um hvað koma skal.

„Vonin er að verkefnið muni nýtast öðrum til að taka þetta skref. Þetta er ákaflega spennandi og gaman verður að sjá hvernig þessu vindur fram,“ segir Menja og minnir á í þessu samhengi að það sé löngu tímabært að hætta notkun burðarplastpoka. Ýmis erlend sveitarfélög, landshlutar og jafn-



**Vonin er að verkefnið muni nýtast öðrum til að taka þetta skref.**

Menja von Schmalensee líffræðingur

vel heilu löndin séu komin vel á veg með að banna notkun burðarplastpoka með öllu.

svavar@frettabladid.is

## Margir koma að plastpokaverkefninu

Umhverfishópur Stykkishólms fékk í ársbyrjun styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til að ráðast í verkefnið, sem er unnið í samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands, Landvernd, Umis/Environice og Stykkishólmsbæ.

Um þúsund hermenn gætu hafa verið teknir af lífi af öfgahópnum ISIS:

## Myndir sýna voðaverk í Írak

**ÍRAK** Hópur öfgasinnaðra súnnímúslima, sem sölsað hefur undir sig stórt landsvæði í Írak undanfarna daga, hefur birt á netinu myndir sem virðast sýna liðsmenn hópsins taka af lífi fjölmarga stjórnarhermenn.

Á myndunum má sjá hermennina liggja í skurði, fyrir og eftir meinta aftöku þeirra. Samkvæmt texta sem fylgir myndunum er um að ræða hermenn úr herstöð sem vígamennirnir náðu á sitt vald.

Fulltrúi íraska hersins, Qassim al-Moussawi hershöfðingi, segir að myndirnar séu ekta og að aftökur hafi farið fram í Salahuddin-héraði. Það hefur þó ekki fengist staðfest af utanaðkomandi aðilum.

Ef satt reynist er hæglega um að ræða mestu voðaverk í landinu síðan Bandaríkjamenn gerðu inn-



**ÓHUGNANLEGT** Þessi mynd virðist sýna meðlimi ISIS miða hríðskotabyssum á óvopnaða hermenn í borgarklæðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

rás árið 2003. Allt að þúsund hermenn gætu hafa verið teknir af lífi, samkvæmt heimildum BBC.

Hópurinn kallast ISIS og vilja liðsmenn hans koma á fót íslömsku ríki í Írak. Þeir náðu í síðustu viku

borgunum Mosul og Tikrit á sitt vald.

Myndirnar birtust um það leyti sem ríkisstjórn Íraks greindi frá því að hún hefði unnið mikilvæga sigra á ISIS undanfarið.

- bá

MENNTASKÓLINN  
HRAÐBRAUT

\*

Viltu verða stúdent  
á tveimur árum  
og útskrifast  
17. júní 2016?

MENNTASKÓLINN  
HRAÐBRAUTTVEIMUR ÁRUM  
Á UNÐAN

Faxafeni 10 · 108 Reykjavík · Sími: 565-9500 · www.hradbraut.is

# TAX FREE

# DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT\*  
AF ÖLLUM BARNAFATNAÐI  
13.-17. JÚNÍ.



\*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út þriðjudaginn 17. júní.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



**MEIRIHLUTI MYNDAÐUR** Fulltrúar Þriðja framboðsins og Sjálfstæðisflokksins mynda meirihluta í Hornafirði.

## Íbúalýðræði verður aukið: Ný bæjarstjórn í Hornafirði

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarfulltrúar Þriðja framboðsins og Sjálfstæðisflokksins hafa gert með sér samkomulag um meirihlutasamstarf í Sveitarfélaginu Hornafirði. Í yfirlýsingu frá framboðunum segir að meginmarkmið nýrrar bæjarstjórnar verði að viðhalda og efla grunnþjónustu við íbúa.

„Aukið gegnsæi og íbúalýðræði verður eitt af leiðarljósum í starfi bæjarstjórnar. Leitast skal við að hafa gott samstarf milli allra bæjarfulltrúa óháð flokki og tryggja að sjónarmið allra komi að borðinu,“ segir í yfirlýsingu.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Ungur innbrotspjófur

Tilkynnt var um innbrot og þjófnað í söluturni í Breiðholti aðfaranótt sunnudags og náðist 16 ára drengur á hlaupum frá vettvangi. Hann var undir áhrifum vímuefna og var vistaður í fangageymslu. Foreldrum drengsins var tilkynnt um handtöku hans.

# Keyptu fimm milljóna bíl fyrir stjórn Austurbrúar

Sjálfseignarstofnunin Austurbrú á Austurlandi keypti tæplega fimm milljóna króna bifreið af gerðinni Chevrolet Captiva þegar rekstrarhallinn var um 20 milljónir. Ekkert er að finna um kaupin í fundargerðum stjórnar. Stjórnarformaðurinn telur að hægt hefði verið að kaupa ódýrari bíl. Búist er við góðri afkomu næstu misserin.

**SVEITARSTJÓRNIR** Austurbrú, sjálfseignarstofnun á Austurlandi, keypti bifreið til afnota fyrir framkvæmdastjóra sinn haustið 2013. Bifreiðin, sem er af tegundinni Chevrolet Captiva, kostaði tæpar fimm milljónir króna í innkaupum. Ekkert er að finna um þessi bílakaup í fundargerðum stjórnar Austurbrúar.

Fyrirtækið Austurbrú var stofnað 8. maí 2012 á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands og annast auk þess daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Á vef Austurbrúar kemur fram að yfir 30 stofnaðilar eru að sjálfseignarstofnuninni; öll sveitarfélögin á Austurlandi, allir háskólar landsins, helstu fagstofnanir, stéttarfélag, framhaldsskólar og þekkingarsetur á Austurlandi. Stofnunin er að mestu leyti rekin af skattfé.

Kaupin voru gerð síðla árs 2013. Þáverandi framkvæmdastjóri var Karl Sölvi Guðmundsson. Á því ári var rekstrarniðurstaða Austurbrúar neikvæð um rúmar 20 milljónir króna. Einnig var rúmlega níu milljóna króna tap af 7 mánaða rekstrarniðurstöðu ársins 2012.

Valdimar O. Hermannsson er



„Petta var í raun sparnaður fyrir Austurbrú. Við vorum að borga um 30–40 þúsund krónur í bílastyrk til framkvæmdastjóra.“

Valdimar O. Hermannsson, stjórnarformaður Austurbrúar

stjórnarformaður Austurbrúar. Hann telur eðlilegar skýringar á kaupunum. „Kaupin á bifreiðinni voru hluti af starfskjörum sem stjórn samþykkti haustið 2013 þegar ráðningarsamningur við Karl var endurskoðaður. Petta var í raun sparnaður fyrir Austurbrú. Við vorum að borga um 30–40 þúsund krónur á mánuði í bílastyrk til framkvæmdastjóra. Með því að greiða 2,5 milljónir í bifreiðinni eru lánin af henni þau sömu og greiðslur til framkvæmdastjóra voru áður.“ Valdimar segir að hægt hefði verið að kaupa ódýrari bifreið á sínum tíma og að komið hafi fram gagnrýni á kaupin á ársfundi stofnunarinnar.



**CHEVROLET CAPTIVA** Austurbrú keypti bifreið af tegundinni Chevrolet Captiva fyrir framkvæmdastjóra sinn haustið 2013.

Hann segir einnig að tekjur eigi eftir að skila sér til stofnunarinnar. „Verkefni sem við áttum að fá greitt fyrir á árinu 2013, sem námu um 12 milljónum, komu ekki inn á því ári heldur koma þau á þessu ári. Þegar Austurbrú var sett á laggirnar og sameining stofnana varð að veruleika þurftum við að fara í nokkrar einsskiptis aðgerðir sem kostuðu peninga en við sjáum fram á góða afkomu á

næstu misserum,“ segir Valdimar. Hann bætir við að stjórn hafi ekki verið ánægð með reksturinn og vegna niðurstöðu ársreikninga og samstarfsörðugleika við þáverandi framkvæmdastjóra hafi verið ákveðið að hann myndi hætta störfum. Við er tekinn þriðji framkvæmdastjórinn frá því að stofnunin var sett á laggirnar 2012, Jóna Árný Þórðardóttir.

sveinn@frettabladid.is



**WORLD CAR OF THE YEAR**  
2014 WORLD CAR AWARDS

## Besti bílinn.

Audi A3 hefur verið valinn besti bíll ársins 2014\* af blaðamönnum frá 22 löndum. Takk fyrir okkur!



Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri: 7,1–1,5 l/100 km, CNG 3,3–3,2 kg/100 km; E-Tron blönduð orkunotkun í kWh á 100 km: 11,4; CO<sub>2</sub> útblástur í blönduðum akstri: 165–35 g/km, CNG 92–88 g/km. Uppgefnar tölur miðast annars vegar við bensín- og hinsvegar rafmótor.

\*World Car Awards 2014, New York: www.wcoty.com

Vorsprung durch Technik 



Egill  
Arnason™

# HARÐPARKET

Ekki eyða tíma í áhyggjur af rispum og skemmdum í parketi. Við bjóðum upp á rúmlega 15 tegundir á lager af harðparketi frá Balterio sem endist um ókomna tíð.

*Mundu! ...við erum flutt á  
Suðurlandsbraut 20*

 **balterio**



**1 STEMNING Í RÍÓ** Stuðningsmenn argentínska landsliðsins keyra um götur Ríó de Janeiro í Brasilíu í bifreið með mynd af knattspyrnugóðinu Lionel Messi á. Lið þeirra lék gegn því bosníska á hinum sögufræga Maracana-velli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



ÁSTAND HEIMSINS



**2 FJÖLDABRÚDKAUP** Indverskar konur bíða eftir að komast á kamra við fjöldabruðkaup í Nýju-Delí. Um 92 lágstéttarpör voru gefin saman á einum degi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**3 TVEIR LEIÐTOGAR** Evo Morales, forseti Bólivíu, tekur á móti Raul Castro, forseta Kúbu, á ráðstefnu þróunarlanda og Kína í borginni Santa Cruz. NORDICPHOTOS/AFP

# MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

\*

Viltu verða stúdent  
á tveimur árum  
og útskrifast  
17. júní 2016?



**H** MENNTASKÓLINN  
HRAÐBRAUT

TVEIMUR ÁRUM  
Á UNÐAN

Faxafeni 10 · 108 Reykjavík · Sími: 565-9500 · www.hradbraut.is



**4 FRJÁLSLYNDI** Um tíu þúsund manns tóku þátt í árlegri göngu til að vekja athygli á réttindum samkynhneigðra og trans-fólks í Lyon í Frakklandi. NORDICPHOTOS/AFP



**5 TIGNARLEGIR** Karl og Vilhjálmur Bretaprinsar ríða til Buckingham-hallar við afmælisathöfn Elísabetar drottningar í Lund-únum í gær. Drottningin á afmæli 21. apríl en opinberlega er haldið upp á það á laugardegi í júní. NORDICPHOTOS/AFP

## TILBOÐ

**7 SKÜFFUR**

**PRO PLUS SERIA** ■■■■■■

**282 verkfæri 199.900 m/vsk**

### TOPP,- OG BITASETT 72 STK

Toppar 1/4" 4 - 14 mm  
Djúpir toppar, bitatoppar  
Sexkantasett og fl.  
Sterk stáltaska

vnr IBTGCA07202

**11.900 m/vsk**  
Fullt verð 18.231



### TOPP,- OG BITASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm  
1/2" 10 - 32 mm  
Bitar og fl.  
Sterk plasttaska

vnr IBTGCA1094R

**14.900 m/vsk**  
Fullt verð 25.231



### VERKFÆRASETT 80 STK

Toppar 1/4" og 1/2" 4 - 32mm  
Fastir lykklar 8 - 19mm  
Djúpir toppar, bitar, tangir og skrufjárn.  
Sterk plasttaska

vnr IBTGCA18002

**21.900 m/vsk**  
Fullt verð 35.058



### VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm  
Toppar, lykklar, skrufjárn, tóng  
Nippilyklar og fl.  
Sterk plasttaska

vnr IBTGCA19601

**22.900 m/vsk**  
Fullt verð 37.200



### VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"  
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"  
Lykklar 8 - 22 mm  
E toppar, sexkantbitar og fl.  
Sterk plasttaska

vnr IBTGCA1130B

**24.900 m/vsk**  
Fullt verð 37.900



### VERKFÆRASETT 150 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm  
Fastir lykklar 6 - 24mm,  
Skrufjárn, tangir, sexkantasett  
Slaghamar, krafttöng  
Nippilyklar og fl.

vnr IBTGCA1150R

**39.900 m/vsk**  
Fullt verð 49.900



**8 SKÜFFUR**

**PRO PLUS SERIA** ■■■■■■

**322 verkfæri 239.900 m/vsk**

**7 SKÜFFUR**

**SÁ VINSÆLI** ■■■■■■

**323 verkfæri 179.900 m/vsk**

### SKRÚFJÁRNSETT 21 STK

**3.900 m/vsk**  
Fullt verð 5.112



### OLÍUSÍUTANGIR

**FRÁ 1.269 m/vsk**



### SKRALLSETT PRO 12 STK

Sterkur taupoki  
72 tanna Pro lykklar  
Stærðir 8 - 19mm

vnr IBTGPAQ1202

**16.900 m/vsk**  
Fullt verð 25.900



FRÁBÆRT VERÐ Á VERKFÆRUM

Ný kynslóð listamanna haslar sér völl.

## Út fyrir ramma

Í helgarblaði Fréttablaðsins er spjall við hóp ungs listafólks sem sett hefur á stofn vinnustofu uppi á Höfða í þeim tilgangi að skapa fjölbreyttan starfsvettvang fyrir listamenn. Þetta unga fólk, sem flest er nýútskrifað úr listnámi, er ekkert á þeim buxunum að samfélagið eigi að skapa því verkefni og aðstöðu, heldur lætur verkin tala og hrindir hugmyndum sínum í framkvæmd sjálf. Mörk milli hefðbundinna listgreina eru máð út og fólk úr ýmsum áttum vinnur saman að því að skapa eitthvað nýtt og ferskt án þess að láta þröngva sér í fyrirframgefna farvegi. Og hendir þeirri hugmynd að listsköpun sé bundin við 101 Reykjavík út í hafsauga. Eins og gerst hefur í öðrum borgum Evrópu undanfarna áratugi sækja

Fríðrika Benónýsdóttir

fridrikab@frettabladid.is



þau þangað sem húsnæði er ódýrt og gera hallærisleg iðnaðarhverfi að stöðunum þar sem gerjunin og blómgunin fer fram. Ef miðborgin er undirlögð af túristabúllum og hótélum er fundið nýtt hverfi þar sem svigrúm er til að skapa.

Hópurinn á Höfðanum er ekkert einsdæmi, úti um allt spretta upp sambærilegir hópar ungs listafólks sem vinnur saman þvert á skilgreiningar listgreina. Tjarnarbió er orðið sprúðlandi vettvangur fyrir sköpun og samstarf og nú stendur yfir tónlistarhátíðin Reykjavík Midsummer Music sem er alfarið framtak Víkings Heiðars Ólafssonar píanóleikara sem, eins og hinum listamönnum, fannst skorta vettvang fyrir það sem hann langaði að gera og bjó hann þá bara til sjálfur. Lungaskólinn á Seyðisfirði er enn eitt dæmið um þetta viðhorf unga fólksins og nær daglega heyrum við af nýjum verkefnum og hugmyndum sem drifnar eru áfram af fólk á milli tvítugs og þrítugs. Kynslóðinni sem legið hefur undir ámæli fyrir að vera veruleikafirrtir tölvuleikjanörðar sem liggja uppi á pabba og mömmu og taki ekki virkan þátt í samfélaginu. Fátt gæti verið nær sanni.

Á meðan þetta unga fólk er önnur kafið við að skapa sér vettvang á eigin forsendum og sinna hugðarefnum sínum bölsótast eldri kynslóðir út í allt sem nöfnum tjáir að nefna en þó aðallega alla þá sem ekki eru sammála þeim í einu og öllu. Hin goðsagnakennda '68 kynslóð sem hingað til hefur verið lítið á sem tákn uppreisnar gegn ríkjandi hugmyndum og ráðandi öflum er að sanna sig sem tuðandi íhaldskynslóð sem engu vill breyta. Hún dómínerar alla umræðu um list og menningu, og raunar nánast öll svið samfélagsins, með hroka besserwissersins sem alltaf hefur rétt fyrir sér og er smátt og smátt að verða dragbítur á nýsköpun og ferskar nálganir. Ansi dapurleg örlög goðsagnarinnar.

Það er gömul saga og ný að eldri kynslóðir líti þær sem á eftir koma hornauga og þyki lítið til þeirra koma en einhvern veginn hélt maður samt að uppreisnargegirnir frá 1968 myndu ekki detta í þá gryfju í ellinni. Svo lengi lærir sem lifir. Eitt má þó '68 kynslóðin og sporgöngufólk hennar eiga; henni hefur tekist að ala upp nýja kynslóð sem virðist fær um að hrista af sér klafa kreddna og þröngsýni og fyrir það má vissulega hrósa henni.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Mikil fyrirheit

Dagur B. Eggertsson verðandi borgarstjóri, ítrekaði kosningaloforð Samfylkingarinnar í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gær. Flokkurinn hafði lofað 2.500 til 3.000 nýjum leiguíbúðum á næstu árum. Það er reyndar skemmtileg tilbreytni á þessum síðustu og verstu að menn kannist við loforð sín eftir kosningar, en það er önnur saga. Dagur sagðist ekki draga úr því að loforðin væru mikil fyrirheit, þess þyrfti. Hins vegar myndi þessi uppbygging taka nokkur ár. Það er merkilegt að í loforðum flokksins um húsnæðismál er aðeins minnst á uppbyggingu borgarinnar

og félagslegan stuðning. Þar er hins vegar ekkert minnst á einföldun og leiðréttingu byggingareglugerða sem er eitt af því sem flækir byggingu nýs húsnæðis, gerir það dýrara og ferlið lengra en ella fyrir byggingaraðila. En borgin ætlar vissulega á fullt í að útvega borgarbúum húsnæði.


#### Furðulegheit

Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra Sjálfstæðisflokksins, lætur það fara í taugarnar á sér í pistli á heimasíðu sinni með hvaða hætti Ólafur Ragnar Grímsson forseti og Mór Guðmundsson seðlabanka-

stjóri greina þjóðinni frá framtíðar-áformum sínum. Ólafur sagði frá því í viðtali við tímaritið Monocle að hann gæfi ekki kost á sér í næstu kosningum og Mór greindi frá sínum fyrirætlunum í þættinum Eyjunn á Stöð 2 í gær. Björn segir hrifningu ýmissa fjölmiðlamanna á upp-átækjum Jóns Gnarr hafa haft áhrif á þá Ólaf og Mór og það að þeir skuli kjósa þessar leiðir til að koma mikilvægum upp-lysingum til þjóðarinnar sé ekki í ætt við neitt annað en furðulegheit Jóns Gnarr þótt hvorugur þeirra hafi ákveðið að fara í furðufatnað til að vekja á sér athygli.

fanney@frettabladid.is

### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**PARKETFLÍSAR**  
ekker að pússa og lakka

**Flísabúðin**  
Stórhöfða 21 | sími 545 5500 | flis.is

## Samstarf til vinstri

### STJÓRN MÁL



Katrín Jakobsdóttir formaður Vinstri-grænna

Vinstrihreyfingin – grænt framboð getur að mörgu leyti vel við unað eftir sveitarstjórnarkosningar þar sem hreyfingin stóð vörð um árangur sinn frá 2010 og bauð fram víða um land, bæði undir eigin nafni en einnig með formlegri og óformlegri þátttöku í sameiginlegum framboðum. Hins vegar tel ég ríka ástæðu á næstu misserum til að velta fyrir sér inntaki stefnu okkar. Hana tel ég eiga brýnna erindi en nokkru sinni fyrr á nýrri öld þar sem ójöfnuður og loftslagsbreytingar verða líklega stærstu viðfangsefni og svörin geta ekki verið önnur en réttlæti og sjálfbærni.

Miklu skiptir líka hvernig fólk sem telur sig til félagshyggjufólks velur að vinna í stjórnálfunum og því er ástæða til að óska Reykvíkingum til hamingju með nýjan borgarstjórnarmeirihluta. Þar sameinast frjálslýnt og félagshyggjusinnað fólk með breiða skírskotun og sterkt umboð kjósenda. Hver flokkur hefur að sjálfsögðu sína sérstöðu en um margt erum við sammála. Þar má nefna húsnæðismálin og áform nýs meirihluta um að byggja upp leiguhúsnæði. Þá skiptir miklu máli að nýr meirihluti tekur skýra afstöðu með fjölmenningu og gegn útlendingaandúð sem virðist því miður vera að skjóta rötum hér á landi.

→ Par sameinast frjálslýnt og félagshyggjusinnað fólk með breiða skírskotun og sterkt umboð kjósenda.

#### Í átt að gjaldfrelsi

Það er líka ánægjulegt að sjá að nýr meirihluti í Reykjavík mun stíga fyrstu skrefin í átt að gjaldfrjálsum leikskóla með lækkun leikskólagjalda. Það er mál sem við Vinstri-græn settum á dagskrá í kosningabaráttunni – og ágætt dæmi um þá sök sem við viljum hefja í velferðar- og menntamálu á næstu árum. Nýr meirihluti hefur líka áform um aukið íbúalýðræði sem eru spennandi en vonandi verða líka tekin stór skref til að virkja fólk til þátttöku í þeim lýðræðislegu ferlum sem eru nú þegar til staðar.

Þar sem við Vinstri-græn tókum þátt í meirihlutasamstarfi skiptir miklu að við leggjum inn sjónarmið réttlætis og sjálfbærni og það munum við gera í öllu okkar starfi í sveitarstjórnunum, óháð því hverjum við vinnum með í meirihluta og raunar óháð meirihluta og minnihluta. Sérstök ástæða er til að fagna þegar félagshyggjuöfl ná saman um slík málefni því það gefur tilefni til bjartsýni varðandi frekari samvinnu vinstrianna á öðrum vettvangi.

# „Ég vil elska mitt land“

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur

Mér hefur alltaf fundist hún svolítið einkennileg þessi setning hjá Jóni Trausta: „Ég vil elska mitt land.“ Þetta er úr Íslandsvísunum hans frá árinu 1901 sem tileinkaðar eru alþingismönnum og hafa að geyma heitstrengingar á þeirra tíma vísu þegar ættjarðarástín var enn saklaus og alltumlykjandi, umfangsmátt en ekki útilokandi.

Þetta hljómar eins og það sé einhverjum vandkvæðum bundið að elska landið. Hann vill ... en ástin á aldrei að vera komin undir vilja heldur er þetta kennd sem umlykur mann nánast án þess að maður fái nokkuð við ráðið. Maður elskar af því að maður elskar. Og það er auðvelt að elska Ísland: fjöllin, fossana, litlu blómin, lækina, vindinn, grænar sveitir, bláan himin, litskrúðug þök, hina sérstæðu íslensku rýmiskennnd sem lýsir sér í sundurlausu og agalautu skipulagi og skorti á miðju, tungumálið, fólkið ... Ætli eigi ekki betur við mína kynslóð frasinna léttúðugi: „Ég fíla svo vel að vera frónari.“

## Að vera frónari ...

Ísland er ungt. Þjóðin er ung og íslensk menning er enn í mótun. Íslensk menning er deigla, opið svæði en ekki lokað; hún er ekki endanleg – skilgreind fyrir fullt og allt, hún er ekki liðin undir lok. Hvernig eigum við eiginlega að hafa þetta: erum við amerísk? erum við evrópsk? erum við norðurlandþjóð? erum við ekki keltar? eða eigum við kannski að vera herúlar eða þéttar eða einhver slík dularfull og exótísk þjóð sem hvarf á þjóðflutningatímanum í kjölfar hruns Rómaveldis? Enn eru Íslendingar að hugsa sig um. Menning okkar er enn að taka við áhrifum héðan og þaðan sem ganga svo í samband við það sem fyrir er og úr verður eitthvað nýtt: hvort sem um er að ræða bókmenntir eða bátasmíði, arkitektúr, hárgreiðslu, tónlist, fimleika, umbreytta bíla eða skótísku. Hér er fámenn þjóð og blönduð, það munar um hvern nýjan einstakling: Sé eitthvað spennandi og lífvænlegt við íslenska menningu er það þetta: hversu blönduð hún er og hversu auðveldlega hún tekur við nýjum áhrifum í sífellu og skapar úr þeim eitthvað nýtt, eitthvað sitt.

Þetta er innflytjendamening í grunninn og við sem hér búum erum komin af landnemum – soldid eins og Ameríkanar, nema munurinn er sá að þegar Ísland byggðist var hér ekki fyrir önnur þjóð sem rænd var landi sínu, reisin og síðum; landnám Íslands úrheimti ekki þjóðarmorð heldur bara hitt: að fara um með eldi eða kú og gefa hverju fjalli nafn, hverjum firði, hverjum dal, hverjum hól.

Þar með er að vísu ekki sagt að saga landnámsins sé laus við ofbeldi. Saga þjóðarinnar hefst á þrælauppreisn, þegar írskir þrælur – „vestmenn“ – drepa Hjörleif, fóstbróður Ingólfs, og fara

→ Og þó að hugmyndin um land, þjóð og tungu verði æ langsóttari eigum við sem hér búum að geta mæst í ástinni á rýminu sem Ísland veitir okkur. Íslenskar deilur í þúsund ár: snúast þær ekki alltaf um rými?

út í Vestmannaeyjar, sem æ síðan hefur verið kjörlandi hinna upp-reisnargjörnu hrekkjarlóma. Þrælur Ingólfs, Vífill og Karli, voru líka írskir og kaldhæðnir eftir því. Þegar þeir fundu öndvegissúlurnar þar sem Reykjavík stendur nú sagði Karli: „Til ills fóru vér um góð héruð, er vér skulum byggja útnes þetta.“

Af þessu fólki erum við komin.

## Í leit að rými

Við skiljum orð Karla þegar við lesum þau. Ekki bara orðin, heldur getum við tengst hugarfarinu þar að baki: þó að rituð séu tveimur og hálfri öld síðar af Ara fróða þá getum við þegar við lesum þessi orð komist í beint samband við hugsanir írskis þræls við upphaf fastrar búsetu á Íslandi. Það er nokkurs vert.

Íslendingar koma úr öllum áttum. Hingað fluttist í upphafi fólk frá Noregi, Írlandi, Suðureyjum og Finnlandi, svo að nokkur lönd séu nefnd. Og æ síðan hefur komið hingað fólk frá öllum deildum jarðar, ýmist náð að una sér í þessu harðhnjóskulega umhverfi eður ei: nú er svo komið að þjóðfélagið verður ekki rekið með góðu móti án þess að njóta krafta frá fólki sem kemur hingað í leit að vinnu eða staðfestu. Komi þeir sem koma vilja, veri þeir sem vera vilja, fari þeir sem fara vilja, mér og mínum að meinalausu: Þessi orð eiga að vera greipt yfir dyrnar á svonefndri Útlendingastofnun.

Hin hefðbundna íslenska sögu-skoðun er sú að hingað hafi upphaflega komið fólk til þess að sleppa undan ofríki og skattþingingu Haraldar lúfu; það hafi viljað ráða sér sjálf; það hafi leitað að rými þar sem það gæti mótað sjálft líf sitt. Því ekki það? Þar með hljótum við að taka við þeim sem hingað leita. Og þó að hugmyndin um land, þjóð og tungu verði æ langsóttari eigum við sem hér búum að geta mæst í ástinni á rýminu sem Ísland veitir okkur. Íslenskar deilur í þúsund ár: snúast þær ekki alltaf um rými? Hið eilífa landamerkjapjark? Íslensk ættjarðarást snýst um rýmið eins og við sjáum á rammflóknu gaddavírnsneti um allar þorpgrundir hér; hið eilífa tal Íslendinga um „dásamlegt útsýni“ tjáir þrá eftir víðáttu, að sjá langt og helst út á sjó, hafa tilfinningu fyrir olnbogarást. Íslandssagan er leit að rými fyrir sig og sína; landlaust fólk að hrekjast upp á heiðar í leit að rými eftir að stórbændur höfðu komið málum svo fyrir að eðlileg þéttbýlismyndun varð ekki við sjávarsíðuna.

Af þessu landlausa fólki erum við komin. Og hljótum að skilja allt landlaust fólk sem hingað kemur í leit að rými. Nóg er plássíð hér.

# Vinna lögfræðingar frítt, námsvíst eða launalaus vinna?

Það hefur lengi vel verið við lýði að aðilar sæki út fyrir hinn akademíska þankagang og fari að hagnýta þekkingu sína á atvinnu-markaðinum samhliða námi. Nú á tíðum, sem og áður, stendur laganemum til boða að starfa hjá hinum ýmsu fyrirtækjum og stofnunum í svokallaðri námsvíst/starfsþjálfun. Það fyrirkomulag er til þess gert að gefa nemendum nasasjón af praktík á vinnuarkaðinum og gefa nemum færi á að kynna reynsluheimi lögfræðinga.

Í kringum námsvístina hefur verið gert regluverk. Í Háskóla Íslands eru reglur um námsvíst nemenda í framhaldsnámi. Getur nemandi hlotið 6 einingar fyrir vinnu í 160 klukkustundir hjá viðurkenndri stofnun eða fyrirtæki. Um samskonar regluverk er að ræða fyrir Háskólann í Reykjavík, þar kemur fram að nemandi geti hlotið 7,5 einingar fyrir 150 klukkustundir af lögfræðistörfum. Einnig segir í reglum Háskólans í Reykjavík að starfsnám skuli vera ólaunað, slíkt er ekki skilyrði í reglum Háskóla Íslands.

Framboði námsvistar hefur vaxið fiskur um hrygg en það er í mörg horn að líta. Lögfræðistofur og stofnanir eru í auknum mæli farnar að sækja í laganema sem ólaunað vinnuafli. Þau störf sem unnin eru af laganemum í starfsnámi eru oft og tíðum útseld til viðskiptavina á lögfræðitaxta og eru arðbær fyrir fyrirtækið. Stofnanir geta einnig ráðið til sín launalaus nemendur, með sérfræðipækkingu, til að

KJARAMÁL

Gísli Logi Logason  
laganemi

sinna störfum sem annars þyrfti að manna með fullu- eða hlutastarfi launaðs lögfræðings. Hverjir hafa svo tók á því að fá nemendur í slíka námsvíst? Eru einhver takmörk við það hvað lögmannsstofa, stofnun, fyrirtæki eða jafnvel einstaklingur sem er starfandi lögmaður geti í reynd ráðið marga ólaunaða laganema til starfa hjá sér? Hvernig er svo hægt að finna út hvort nemandinn sé að sinna námsvíst í reynd eða að starfa í þágu vinnuveitanda, launalaust?

Áhugaverður dómur féll í Bandaríkjunum varðandi námsvíst í máli Alex Footmans og Eric Glatt gegn Fox. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu í málinu að ekki væri heimilt að greiða þeim Alex og Eric engin laun fyrir vinnuframlag sitt þrátt fyrir að það væri sett upp sem starfsnám. Dómurinn tekur meðal annars mið af eldri dóm Hæstaréttar Bandaríkjanna, Walling gegn Portland Terminal Co., og fer í mat á því hvað sé námsvíst og hvað sé í reynd vinnuframlag í þágu vinnuveitanda.

## Skýr greinarmunur nauðsyn

Það er áhugavert að skoða þann mælikvarða sem kemur fram í dómnum og reyna að rýna betur í hvað sé ólaunuð vinna og hvað sé námsvíst. Farið er í sex atriði til viðmiðunar. (1) Það er gerð krafa um að þrátt fyrir að vinnuveitandi útvegi aðstöðu fyrir nemanda þarf að vera um að ræða þjálfun sem er samskonar og veitt er í akadem-

→ Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu í málinu að ekki væri heimilt að greiða þeim Alex og Eric engin laun fyrir vinnuframlag sitt þrátt fyrir að það væri sett upp sem starfsnám.

ísku umhverfi. (2) Reynsla nemanda þarf að vera í þágu hans en ekki vinnuveitanda. (3) Nemandi á ekki að koma í staðinn fyrir venjulegt starfsfólk eða sinna þess störfum heldur starfa undir handleiðslu annarra starfsmanna. (4) Vinnuveitandi sem veitir námsvíst fær engan ávinning af starfi nemandans og í reynd gæti það þá heldur tafið fyrir öðru starfsfólki. (5) Starfsnemi á ekki endilega rétt á starfi við lok námsvistar og (6) bæði vinnuveitandi og nemi vita og gera sér grein fyrir því að staðan er ólaunuð. Það er ýmislegt sem vert er að skoða í þessum málum héraðs.

Lýtur námsvíst á Íslandi samskonar takmörkunum sem skerpa á skilunum milli þess að vera launalaust starf eða námsvíst? Það er afar mikilvægt að greina á milli hvað sé námsvíst og hvað sé launalaust vinnuframlag meðal annars vegna þess að aflahæfi manna er verndað af stjórnarskrá og kjarasamningar gera ráð fyrir lágmarkslaunum. Mönnum er almennt ekki heimilt að semja um lægri laun en kjarasamningar kveða á um. Það þarf að vera skýr greinarmunur á vinnuframlagi sem nýtur réttarverndar til launa og námsvistar sem er undanþegin slíkri launakröfu, eða hvað?

## Frábærar McCain franskar á 5 mínútum



Franskar kartöflur í sérflokki sem þú töfrar fram á augabragði. Einföld og fjótleg matreiðsla og algjör sæla fyrir bragðlaukana. Prófaðu núna!

Barnaheill  
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á



# ÞAR SEM ÚRVALIÐ ER MEST

Það er skemmtilegt að skoða og reynsluaka nýjum bíl. Komdu og láttu sölumenn okkar stjarna við þig og fáðu reynsluakstursbílinn jafnvel lánaðan heim að kvöldi.



## LEAF NORDIC

FYRIR KALDARI MARKAÐSSVÆÐI

VERÐ: 4.490.000 KR.

KAUPAUKI Í JÚNÍ - HRAÐHLEÐSLUSTÖÐ FYRIR HEIMILIÐ EÐA BÚSTAÐINN SEM HLEÐUR BÍLINN Á 4 TÍMUM FYLGIR NÝJUM LEAF!



### 10 HRAÐHLEÐSLUSTÖÐVAR

Uppsetningu á 10 nýjum hraðhleðslustöðvum lýkur í sumar í Reykjavík og nágrenni. Þær gera þér kleift að **hlaða LEAF á 30 mínútum þér að kostnaðarlausu.**

Nissan hraðhleðslustöðvarnar eru settar upp í samstarfi við ON



## FJÖLSKYLDUVÆNIR RENAULT

BÆÐI RENAULT CLIO OG RENAULT MEGANE ERU TIL Í ÚTFÆRSLU FYRIR FJÖLSKYLDUR SEM ÞURFA MEIRA PLÁSS

RENAULT CLIO **SPORT TOURER**, DÍSIL  
VERÐ FRÁ: 3.090.00 KR.



## TAKTU ÞÁTT Í REYNSLUAKSTURSLEIK Í JÚNÍ

Allir sem fara í reynsluakstur hjá okkur í júní geta skráð sig í pott og átt möguleika á að vinna glæsilegt **50" Samsung Smart** sjónvarp.



**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

+

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**KJARTAN JÓHANNES ÞORGEIRSSON**  
Álfaskeiði 83, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu 8. júní. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, föstudaginn 20. júní kl. 15.00. Þeir sem vilja minnast hans láti Sjálfsbjörgu eða Karítas njóta þess.

**Sólborg Guðmundsdóttir**  
Guðmundur Kjartansson  
Sigríður Kjartansdóttir  
Valur Geir Kjartansson  
Þorgeir Jóhannes Kjartansson  
afa- og langafabörn.

**Auður Anna Pedersen**  
Lars Landgren  
Viktória S. Ámundadóttir  
Anna Katrín Eiríksdóttir



+

Elskuleg systir okkar,

**KRISTÍN ÁRNÝ ALBERTSDÓTTIR, STÍNA**  
áður til heimilis að Selvogsgötu 10, Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi 6. júní. Hún verður jarðsungen frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 18. júní kl. 13.00.

**Ingveldur Albertsdóttir**  
Ólafía Albertsdóttir



**LEGSTEINAR**  
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM  
VÖNDUÐ VINNA

**Steinsmiðjan Mosaik**  
Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



Nýtt á heimsvísu  
**VARANLEGT LETUR**  
Eingöngu hjá Graníthöllinni

Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Graníthöllinni

**Graníthöllin**  
Legsteinar  
www.granithollin.is  
Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði ☎ 555-3888



**Elin Sigrún Jónsdóttir**  
framkvæmdastjóri

**Ísleifur Jónsson**  
útfararstjóri



Reynsla - Umhyggja - Traust

**Guðmundur Baldvinsson**  
útfararþjónusta

**Þegar andlát ber að höndum**  
önnumst við alla þætti þjónustunnar  
Með virðingu og umhyggju að leiðarjösi

**Hugrún Jónsdóttir**  
útfararþjónusta

**Þorsteinn Elisson**  
útfararþjónusta

**Frimann Andrésson**  
útfararþjónusta

**Ellert Ingason**  
útfararþjónusta

**Jón G. Bjarnason**  
útfararþjónusta

Við þjónum allan sólarhringinn  
Vesturhlíð 2 - Póssvogi - Sími: 551 1266 - www.uttfor.is



**PETTA GERÐIST:** 16. JÚNÍ 1877

## Ísafoldarprentsmiðja sett á fót

Elsta starfandi prentsmiðja landsins er Ísafoldarprentsmiðja en stofndagur hennar er miðaður við að 16. júní 1877 var prentað fyrsta eintakið af blaðinu Ísafold sem prentsmiðjunni var komið á fót til að prenta. Prentsmiðjan var sett upp á heimili Björns Jónssonar, stofnanda blaðsins Ísafoldar, en prentvélin í þessari nýju prentsmiðju var svokölluð handpressa, þótt hraðpressur væru þá orðnar algengar í útlöndum. Prentlistin hafði heldur ekki náð langt hér á landi á þessum tíma, sem sést best á því að öll prentsmiðjan rúmaðist í einni stofu á heimili Björns. Fljótlega varð þó ljóst að auka þurfti afköst prentsmiðjunnar og sumarið 1879 var keypt hraðpressa. Í almanaki Þjóðvinafélagsins kemur fram að pressan hafi komið með póstskipinu Phönix og hafi jafnframt verið fyrsta hraðpressan á Íslandi. Sú var knúin með handafli en henni var snúið með

stóru hjóli og gátu tveir eflir menn snúið 600 örkum á klukkustund. Árið 1886 var prentsmiðjan flutt í svonefnt Lambertesenhús í Austurstræti 8. Sama ár keypti Björn Jónsson prentsmiðju Einaris Þórðarsonar sem keypt hafði rekstur Landsprentsmiðjunnar árið 1876. Með þessu var Ísafold orðinn arftaki tveggja af elstu prentsmiðjum landsins. Seinna flutti prentsmiðjan í bætt húsakynni að Þingholtsstræti 5 og á 100 ára afmæli Ísafoldar árið 1977 störfuðu 40 manns við prentsmiðjuna. Nýir eigendur komu að rekstrinum árið 1982 og var prentsmiðjan flutt í Pverholt 9 og Brautarholt 1. Í byrjun árs 2001 var farið að þrængja að starfsemi prentsmiðjunnar í Pverholtinu og var hún því flutt í Molduhraun í Garðabæ. Vorið 2006 var síðan Ísafoldarprentsmiðja flutt endanlega í nýtt húsnæði að Suðurhrauni 1 þar sem hún er nú.



**MIKLAR FRAMFARIR**  
Prentvélar Ísafoldar eru talsvert betri í dag en þær handknúnu sem notaðar voru í byrjun.



**GÖMUL FEGURD** Þingvallakirkja þykir ein fallegasta kirkja á Íslandi.

# Troðfylla Þingvallakirkju

Einar Jóhannesson stendur fyrir tónleikaröðinni Þriðjudagskvöld í Þingvallakirkju en þetta er sjöunda árið í röð sem tónlistarlífið er eftt við kirkjuna.

„Þetta er minningarsjóður sem var stofnaður fyrir átta árum,“ segir Einar Jóhannesson klarinettuleikari sem heldur tónleikaröðina Þriðjudagskvöld í Þingvallakirkju í minningu móðursystur sinnar sem var Þingvellir frá Kárastöðum. „Hún hafði verið organisti þegar hún var ung kona í Þingvallakirkju,“ segir Einar. „Þegar hún lést 2004 þá voru einhverjir aurar eftir sem var óráðstafað og þá kom upp sú hugmynd að stofna minningarsjóð til að efla tónlist við Þingvallakirkju.“ Þetta er í áttunda skipti sem tónleikaröðin er haldin og segir Einar alltaf hafa verið líflega stemningu á tónleikunum þrátt fyrir hversu lítil kirkjan sé. „Hún tekur svona fimmtíu

manns í sæti og það getur verið vandasamt að koma tónlistarmanninum fyrir,“ segir Einar og hlær. „Þetta er vanalega einleikari eða í mesta lagi fjórir uppi við altarið í hvert skipti,“ segir Einar en á 17. júní eru aðrir tónleikar í tónleikaröðinni og er það fiðluleikarinn Rut Ingólfsdóttir sem mun standa ein og leika verk eftir Jón Leifs, Béla Bartók og Johann Sebastian Bach. Rut er sem kunnugt er einn öflugasti tónlistarmaður Íslendinga og hefur verið virk í íslensku tónlistarlífi, ekki síst með starfi sínu með Kammersveit Reykjavíkur. Aðgangur er ókeypis og hefjast tónleikarnir annað kvöld klukkan 20.00.

baldvin@frettabladid.is

„Hún tekur svona fimmtíu manns í sæti og það getur verið vandasamt að koma tónlistarmanninum fyrir.“

+

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR HÓLM GESTSSON**  
fv. brunavörður,  
Merkigili 12, Akureyri,

lést föstudaginn 6. júní. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 19. júní kl. 13.30. Þeim sem vildu minnast hans er bent á að láta Dvalarheimilið Hlíð á Akureyri njóta þess.

**Sigríður Margrét Sigurðardóttir**  
Lísa Björk Sigurðardóttir  
Hallfríður Dóra Sigurðardóttir  
afa- og langafabörn.

**Reynir Björnsson**  
Jón Þór Árnason



+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir og tengdafaðir, afi og langafi,

**TRÚMANN KRISTIANSEN**  
áður skólastjóri á Hvolsvelli og í Hveragerði,

andaðist á dvalarheimili Hrafnistu í Hafnarfirði 31. maí. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 16. júní nk. kl. 15.00.

**Birna Frímansdóttir**  
Matthías Már Kristiansen  
Ragnheiður Kristiansen  
Málfriður Klara Kristiansen  
Kolbrún Kristiansen  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Heidi Strand**  
Sigurður Reynir Gíslason



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## HELGI BJÖRNS OG REIÐMENN VINDANNA

Stórtónleikar verða í kvöld kl. 20 í Eldborg, Hörpu, með Helga Björns og Reiðmönnum vindanna sem eiga sér fjölda aðdáenda. Helgi hefur frískað upp á gamla gimsteina sem sungnir hafa verið í áratugi. Sérstakir gestir verða Hilmir Snær, Jói Sig og Örn Árna og meðlimir úr hljómsveitinni Buff.

GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA



www.weber.is



**MEÐ SILKIMJÚKA FÆTUR** Bára er ánægð með IROHA-fótameðferðarsokkana sem hún prófaði á dögnum. Fætur hennar eru nú silkimjúkir og lausir við allt sigg og hart skinn.

MYND/GVA

## SILKIMJÚKIR FÆTUR

**HALLDÓR JÓNSSON EHF KYNNIR** Fótameðferðarsokkarnir frá IROHA losa hart skinn og sigg af fótum og gera þá silkimjúka og tilbúna fyrir sumarið.

IROHA er með fjölbreytt úrval maska fyrir andlit, hendur og fætur. IROHA-fótameðferðarsokkarnir hjálpa til við að mýkja fætur. Þeir losa sigg og hart skinn með því að flýta fyrir náttúrulegu ferli endurnýjunar húðarinnar.

Bára Ragnhildardóttir prófaði IROHA-meðferðarsokkana þegar hún ákvað að gera vel við sjálfa sig og hafa dekurkvöld

eftir törn í skóla nú í vor. „Ég hafði heyrt frábæra hluti um sokkana og ákvað þess vegna að prófa. Fótameðferðarsokkarnir virka þannig að þeir eru hafðir á fótunum í 90-120 mínútur, fæturnir eru svo skolaðir á eftir og fjórum til sjö dögum síðar hefur húðin endurnýjað sig. Allt það sem maður vill ekki sýna öðrum, óaðlaðandi sigg, þurr og hörð húð, hefur dottið af og húðfrumurnar hafa endurnýjað sig. Ég er líka hrifin af því að fótmaskinn og IROHA-vörurnar eru án parabena.“

Bára segir maskann hafa virkað ótrúlega vel og finnur alveg sérstakan mun á hælunum þar sem allt harða skinnið er dottið af. „Núna er ég með silkimjúka fætur, tilbúin í sandalana fyrir sumarið. Eftir að ég prófaði sjálf ákvað ég að gefa manningum mínum par af sokkunum. Árangurinn var jafnvel enn meiri þegar hann prófaði þá enda með þessa hefðbundnu „fótboltafætur“ sem þurfa oft góða fótaumhirðu. Ég er mjög ánægð með IROHA-vörurnar og fer nú í það að prófa enn fleiri maska frá þeim.“

IROHA-fótameðferðarsokkarnir fást í apótekum og Hagkaup.

## ÚTSÖLU-STAÐIR

IROHA-fótameðferðarsokkarnir fást í apótekum og Hagkaup.

## Er vagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali

**SKORRI**  
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

GERÐU GÆÐA - OG VERÐSAMANBURÐ

## Loksins alvöru svefnsófar



**Svefnsófi Cube 90 Deluxe**  
Stærð svefnflatar 90x200 cm  
Litir: Ljóst / dökkt  
Verð aðeins kr.  
**149.900**



**Svefnsófi Cube 140 Deluxe**  
Stærð svefnflatar 140x200 cm  
Litir: Ljóst / dökkt  
Verð aðeins kr.  
**199.900**




**Svefnsófi Supramax Deluxe**

Stærð svefnflatar 155x200 cm  
Litir: Ljóst / dökkt  
Verð aðeins kr.

**249.900**

12 mán. vaxtalaugar greiðslur - 3.5% lántökugjald



18 cm poka-gormakerfi  
Komdu og prófaðu!

**Svefn & heilsa**

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.  
 Útgefandi: **365 miðlar**  
 Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
 Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
 Söluver: **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Kolbeinn Kolbeinsson**, kolli@365.is, s. 512 5447

# MOKKASKINNIN HELDUR HEITU

**ÍSLENSK HÖNNUN** Hlutagerðin er nýtt íslenskt hönnunarteymi sem vakið hefur athygli fyrir fyrstu vörulínu sína, tehttur úr lambsskinni.

Deezen.com fjallaði um Brynju og Skjöld í vikunni sem leið. Það fylgdi því talsverð athygli og eftirspurn, sem er gaman. Við höldum að verkefnið væri bara búið eftir sýninguna í vor en svo er ekki,“ segir Hjörtur Matthías Skúlason, einn þriggja í hönnunarteyminu Hlutagerðinni sem frumsýndi sínar fyrstu vörur í vor, tehtturnar Brynju og Skjöld.

„Við fengum boð um að taka þátt í sýningunni Teaser í Sparki sem AttiKatti stýrði á Hönnunarmars í vor. Þetta var fyrsta stóra verkefnið okkar en við áttum að vinna út frá orðinu tehetta. Mokkaskinn hefur haldið hita á íslensku þjóðinni gegnum aldirnar og við útfærðum tehetta í mokkaskinn. Við nýttum okkur gamlar aðferðir sem stríðsmenn í fornöld notuðu til að gera sér brynjur úr skinnunum. Skinnin eru sniðin til og þeim síðan dýft í sjóðandi vatn. Þá herpist skinnið saman og mótast utan um hlutinn. Tekatarnir samanstóðu svo af samtíningi, við vildum nota það sem til er en klæða í okkar búning,“ segir Hjörtur.

Hlutagerðin er því að hasla sér völl á hönnunarsenuinni og segir Hjörtur spennandi verkefni fram undan. Þau þrjú sjái styrk í því að sameina krafta sína.

„Við Elín lærðum vöruhönnun saman í LHÍ og fengum svo til liðs við okkur Hrönn Snæbjörnsdóttur en hún er master í menningarmiðlun. Við sáum að við stæðum betur að vígi saman en eitt eitt. Hlutagerðin mun taka sér ýmisleg verkefni fyrir hendur, við munum gera allt frá því að hanna hluti upp í að standa fyrir uppákomum. Það eru spennandi tímar fram undan.“

Nánar má forvitnast um Hlutagerðina á Facebook og á hlutagerdin.is.



**HLUTAGERÐIN** Hrönn Snæbjörnsdóttir, Elín Bríta og Hjörtur Matthías Skúlason skipa hönnunarteymið Hlutagerðina. MYND/HLUTAGERÐIN



**FORN AÐFERÐ** Skinnið er sniðið til og svo dýft í sjóðandi vatn. Við það skreppur skinnið saman og mótast utan um hlutinn. MYND/HLUTAGERÐIN



**TEHETTA** Brynja og Skjöldur er fyrsta vörulína Hlutagerðarinnar, tehttur úr íslensku lambsskinni. Línan vakti athygli hönnunarvefsins Deezen.com í vikunni sem leið. MYND/HLUTAGERÐIN

## SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Einnig sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

Sendum í póströfu

**Gullkistan**

Frakkastíg 10 - Sími 551 3160 - gullkistan@vortex.is - www.thjodbuningasilfur.is



## MASTERLINE Professional Beauty

### ÉG MÓTA BODY FIRMING

Ég viðheld teygjanleika húðarinnar. Byrjaðu bara á að bera mig reglulega á líkamann og þú helst flott og fitt. Frábært krem með góðum innihaldsefnum eins og Elastín, Kollagen og Pomegranate.



www.master-line.eu

Made in Italy

Fæst í apótekum og Hagkaup

## SÆNSKT SAMSTARF

**SÝNING** Hönnunarsafn Íslands stendur fyrir sýningu á húsgögnum eftir íslenska hönnuði, framleiddum í Svíþjóð, í Norræna húsinu og í Hannesarholti. Tílefnið er heimsókn Viktoríu krónprinsessu.

Svíar hafa verið hvað vinveittastir Íslendingum þegar kemur að hönnun. Hluti af verkunum á sýningunni eru íslensk húsgögn sem framleidd eru í Svíþjóð,“ segir Harpa Þórsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands, en safnið stendur fyrir sýningunni Ísland – Svíþjóð í Norræna húsinu og Hannesarholti dagana 17. til 22. júní.

Tílefni sýningarinnar er koma Viktoríu krónprinsessu hingað til lands.

Þeir hönnuðir sem eiga verk á sýningunni í Norræna húsinu eru Sigurður Gústafsson, en hann vinnur með fyrirtækinu Källemo, Sigríður Heimisdóttir, með IKEA, Katrín Ólína Pétursdóttir og Michael Young en fyrirtækið Swedese framleiðir Tréð, fatahengi eftir þau,



**VATNAJÖKULL** Glervasi eftir sænska glerlistamanninn Monica Backström, gerður árið 2003.



**CHUCK MACK** Íslenski hönnuðurinn Chuck Mack hefur bæst í hóp þeirra sem vinna með framleiðendum í Svíþjóð. Borðið Arco Desk er framleitt af Design House Stockholm. MYND/CHUCK MACK

og Chuck Mack en fyrirtækið Design House Stockholm framleiðir borðið Arco Desk.

Þá verða einnig sýndir munir úr „Sænsku glergjöfni“ sem Karl Gústaf Svíakonungur afhenti Hönnunarsafni Íslands til varðveislu í heimsókn sinni hingað til lands fyrir tíu árum. Glermunirnir verða sýndir bæði í Hannesarholti og í Norræna húsinu.

# SKRIFSTOFAN

MÁNUDAGUR 16. JÚNÍ 2014

Kynningarblað Fundir, ráðstefnur, stólar, borð, möppur, prentarar.



Jóhann Másson og félagar hjá A4 bjóða allt sem þarf fyrir fundinn eða ráðstefnuna.

MYND/GVA

## Snertu framtíðina með nýrri tækni

A4 er með allan búnað fyrir fundarherbergi og ráðstefnusali. Fyrirtækið kynnir nú tímamótalausn sem byggir á nýjum snertiskjám sem gerir mörgum notendum kleift að vinna á skjánum í einu. Lausnirnar sem A4 býður virkja alla aðila á fundum og kynningum þar sem gagnvirkni verður að veruleika.

Fyrirtækjasvið A4 sérhæfir sig í lausnum fyrir fundarherbergi og ráðstefnusali. „Við bjóðum allt sem þarf fyrir fundinn eða ráðstefnuna, allt frá fletti- og tússtöflum til gagnvirkra lausna fyrir snertiskjá og spjalddölvur,“ segir Jóhann Másson, framkvæmdastjóri hjá A4.

„Þessa dagana erum við að kynna fyrir fyrirtækjum tímamótalausn sem byggir á nýjum Clervertouch-snertiskjám frá Sahara. Með skjánum fylgir hugbúnaðarlausn og app fyrir snjalltæki sem gerir raunverulega gagnvirkni að veruleika. Skjárnir sem eru með gljálust gler og háskerpu-upplausn eru með nýrri snertitækni sem gerir mögulegt fyrir marga notendur að vinna á skjánum í einu. Eins er hægt með appi fyrir Android og Apple að virkja alla aðila fundar á einfaldan hátt.“

Cleverlynx-hugbúnaðurinn sem fylgir Clervertouch-skjám-

um gerir notendum kleift að sækja skjöl eins og til dæmis Excel, Word eða Powerpoint og vinna með þau á snertiskjámum. „Með hugbúnaðinum er auðvelt að bæta inn skýringum á skjölin með penna, pensli, áherslu-penna og svæðafyllingu. Hægt er að vista skjölin með breytingunum til notkunar síðar.“

Jóhann nefnir líka að gagnvirkur hluti lausnarinnar byggir á Displaynote-hugbúnaðinum sem gerir notendum kleift að stýra snertiskjá með spjalddölvu eða snjallsíma. „Hægt er að fá leyfi fyrir ótakmörkuðum fjölda notenda snjalltækja sem tengjast yfir þráðlaust net eða skýið. Notendur geta sótt efni sem verið er að kynna, bætt inn skýringum og athugasemdum með möguleika á að deila með öðrum notendum.“

Lausnirnar sem A4 býður fyrir fundi og ráðstefnur eru tímamótalausnir sem virkja alla aðila á fundum og kynningum.



Clevertouch-skjárnir gerir notendum kleift að sækja skjöl og bæta inn á þau skýringum.

# Pappírstætari, prentari og pláss

Fimm atriði sem nauðsynlegt þykir að séu fyrir hendi á heimaskrifstofunni, samkvæmt howstuffworks.com.

## Pláss:

Með góðu skipulagi geta smæstu skúmaskot og kompur orðið að rúm-góðu vinnuplássi. Fjárfestu í hillum, staflaðu upp, merktu snúrur, notaðu veggpláss og skipuleggðu rýmið með tilliti til vinnunnar sem á að fara þar fram.

## Pappírstætari:

Ef þú sýslar með viðkvæmar upplýsingar viðskiptavina er tætarinn nauðsynlegt tól. Ekki mega finnast bankanúmer og kennitölur í heimilistunnunni.

## Stóll:

Langar setur við skrifborð gera engum gott. Ef vinnan krefst mikillar setu er ráð að velja góðan stól sem hægt er að stilla á allan mögulegan máta.

## Prentari:

Í okkar rafræna nútíma þarf merkilega oft að prenta eitthvað út. Lita-prentari þyrfti að vera til á heimaskrifstofunni.

## Tölva:

Nauðsynlegt er að komast á internetið, jafnvel þótt vinnan heima felist ekki beinlínis í tölvuvinnu.

Góður stóll er eitt af því sem nauðsynlegt þykir á heimaskrifstofuna. Garðstóll er því kannski ekki hentugur, þó hann fari vel við.

NORDIC PHOTOS/GETTY



Með góðu skipulagi má koma sér upp góðri heimaskrifstofu.



Skipuleggðu rýmið með tilliti til þeirrar vinnu sem á að fara þar fram. Kannski á pappírstætarinn ekki alltaf við.

NORDIC PHOTOS/GETTY



Varast skal að henda gögnum sem innihalda viðkvæmar upplýsingar í heimilistunnuna. Pappírstætarinn er málið.



Smæstu kompur geta orðið að góðu vinnurými ef hverjum hlut er fundinn staður.

NORDIC PHOTOS/GETTY

## Heimagert pennastatíf

Hjúkrunarfræðingurinn Elva Björk Ragnarsdóttir heldur úti heimilisblogginu Verkefni vikunnar. Hún er í meira lagi handlagin og gerir meðal annars upp gömul húsgögn, fönndrar, þrjónar, saumar, breytir og bætir. Afraksturinn fer inn á síðuna vikulega.

Nýjasta innleggið er heimagert pennastatíf sem hún segir taka nákvæmlega 16 mínútur og 40 sekúndur að gera ef allur efniviðurinn er fyrir hendi. Það sem þarf er límbyss, áldós, trélitir/blýantar og málningarsprey. Byrjað er á að líma litina utan um dósina með límbyssunni. Næst er statífið sprejjað. Gripurinn er svo látinn þorna og fylltur af pennum og blýöntum.

Sjá nánar á <http://verkefnivikunnar.blogspot.com/>



## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.\*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.

Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi [fjolpostur@frettabladid.is](mailto:fjolpostur@frettabladid.is)

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

\*Prentmiðalíðinnun Capacent október-december 2012 - höfuðborgarsvæði 25-54 ára

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, [jonivar@365.is](mailto:jonivar@365.is), s. 512-5429  
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900  
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson Löggitur fasteignasali Sími 897 8266  
Sigurður Samúelsson Löggitur fasteignasali Sími 896 2312  
Sveinn Eyland Löggitur fasteignasali Sími 690 0820  
Íris Hall Löggitur fasteignasali  
Þórarinn Thorarensen Sölustjóri Sími 770 0309  
Kristberg Snjólfsson Sölufulltrúi Sími 892 1931  
Eggert Mariúson Sölufulltrúi Sími 690 1472  
Haraldur Ómarsson Sölufulltrúi sími 845 8286  
Sigurður Fannar Guðmundsson Sölufulltrúi Sími 897 5930  
Benedikt Ólafsson Sölufulltrúi Sími 661 7788

### 100% þjónusta = árangur\*

\* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

#### Sóltún 5 - íbúð 06-03



OPÍÐ HÚS

Opíð hús mánudaginn 16.júní frá 18:00 til 18:30

Í einkasölu glæsileg 3ja herb. 102,7 fm íbúð á 6-hæð, ásamt bílastæði í lokuðu bílastæðahúsi, í fallegu húsi við Sóltún í Reykjavík. Tvö herbergi fallegt eldhús og bað, rúmgóð stofa, gott útsýni. Verð 42,9 millj. Uppl. veitir Heiðar s:693-3356 eða á heidar@valholl.is

#### Birkihlíð 7



OPÍÐ HÚS

Opíð hús miðvikudag. 18.júní milli kl. 18.00 – 19.00.

Húsið er staðsett á frábærum stað í suðurlíð. Fallegt útsýni. 205 fm endaraðhús á 2 hæðum, ásamt ca. 75 fm kjallara sem er með rafmagni og hita og steyptu gólfi. Innbyggður bílskúr. 4 svefnherbergi. 2 baðherb. Parket og flísar. Verð 64.5 millj. Getur losnað nær strax. Báðar verður á staðnum s: 896-5221. Komið og skoðið, allir velkomnir.



Ingólfur Gissurarson lgf.  
Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.

## Einbýli með aukaíbúð

Höfuðborg fasteignasala hefur til sölu tvílyft 273 fm einbýli með aukaíbúð og 35 fm bílskúr við Hlíðarveg í Kópavogi.

Húsið er á grónum stað í suðurlíðum Kópavogs. Komið er inn á efri hæð í forstofu með náttúrusteini á gólfi. Inn af henni er gestasalerni. Á hæðinni er falleg L-laga stofa og borðstofa með útgangi út á svalir í vestur. Eldhúsið er með ljósri innréttingu. Þvottahús er inn af eldhúsinu.

Þrjú svefnherbergi eru á hæðinni en möguleiki er á að hafa þau fimm þar sem eitt herbergi er nýtt sem fataherbergi.

Baðherbergið er með nuddbaðkeri, sturtuklefa, innréttingu, handklæðaofni og glugga.

Á neðri hæð er sér inngangur með forstofuherbergi og innangengt í bílskúr. Þar er líka kyndiklefi sem nýtist sem ágætis geymslurými.

Íbúðin á neðri hæð er um



Lóðin er frágengin með góðri verönd, skjól veggjum og heitum potti.

þriggja herbergja og er 85 fermetrar. Þar eru tvö svefnherbergi, stofa, eldhús, þvottaherbergi og geymsla. Baðherbergi er með sturtu. Gólfefni eru að mestu parket og flísar.

Bílskúrin er 35 fm með hita, rafmagni og rennandi vatni, inn

af bílskúr er góð geymsla. Lóðin er frágengin með mörgum bílastæðum, góðri verönd með skjólveggjum og heitum potti.

Allar nánari upplýsingar veitir Albert í s: 821-0626 og albert@hofudborg.is

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

Einar Páll Kjærnested löggr. fasteignasali. einar@fastmos.is

KJARNNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081 WWW.FASTMOS.IS

#### Gerplustræti 25-27 – 270 Mosfellsbær



Glæsilegar 4ra og 5 herbergja íbúðir í lyftuhúsi við Gerplustræti 25-27 í Mosfellsbæ. Íbúðirnar eru fullbúnar með eikarparketi og flísum, vönduðum tækjum og glæsilegum innréttingum frá GKS. Sérstæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum. Rúmgóðar suðursvalir og sérgarður á 1. hæð. Glæsilegt útsýni. Stærðir frá 129 til 152 fm. Verð frá. 35,5 m.

Nýjar íbúðir Lausar strax

#### Hraunbær 86 -110 Reykjavík



Nýtt á skrá

Falleg 98,2 m2 4ra herbergja íbúð á 1. hæð við Hraunbær 86 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofugang, baðherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í kjallara. V. 25,5 m.

#### Grundarstígur 11 -101 Reykjavík



Nýtt á skrá

Sjarmerandi 65,9 m2 2ja herbergja íbúð á 1. hæð við Grundarstíg 11, 101 Reykjavík. Íbúðin skiptist í stóra forstofu, stóra stofu, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi. V. 25,5 m.

#### Fálkagata 8 - 107 Reykjavík



Mjög falleg og mikið endurbætt 56,0 m2 2-3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi í þrjúíbúðum. V. 24,7 m.

#### Háberg 3 - 111 Reykjavík



Falleg 91 m2 3ja herbergja íbúð með sérinngangi á jarðhæð. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, baðherbergi, forstofu, eldhús og stofu. V. 24,9 m.

#### Prastarhöfði 6, íbúð 304 - 270 Mos.



Glæsileg 97,2 m2, 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli. Eignin er sérlega falleg og vel umgengin. Fallegar innréttingar og gólfefni. V. 27,9 m.

#### Enni - 116 Kjalarnes



Enni sem er 179,6 m2 einbýlishús á 6,9 hektara eignarlóð á Kjalarnesi. Eignin stendur á landspíldu úr landi Móa á Kjalarnesi og nær um það bil frá þjóðvegi niður að sjó. Fallegt útsýni til sjávar og fjalla. V. 45,0 m.

#### Bankastræti 14 - 101 Reykjavík



Fjárfestar

104,9 m2 verslunarhúsnæði á jarðhæð við Bankastræti 14 í Reykjavík. Flott staðsetning. Stórir gluggar og mikið auglýsingagildi. Gott fjárfestingatækifæri. Í dag er Subway í húsnæðinu með leigusaming til 1. ágúst 2024 með góðum leigutekjum. V. 65,0 m.

#### Köllunarklettsvegur 8 - 104 Reykjavík



Fjárfestar

2416 m2 atvinnuhúsnæði við Köllunarklettsveg 8 í Reykjavík. Húsnæði er í leigu til Nýherja til janúar 2022, með góðum leigutekjum. V. 436,0 m.

#### Stakkhamrar 27 -112 Reykjavík



Fallegt og vel skipulagt 167,3 m2 einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Stakkhamra 27 í Grafarvogi. Hellulagt bílplan og garður með timburverönd í suðvestur. Eignin skiptist í 3-4 svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr með góðu geymslulofti. V. 49,9 m.

#### Laufengi 6 - 112 Reykjavík



Nýtt á skrá

Lausar strax

Björt og vel skipulögð 83,8 m2, 3ja herbergja íbúð með sérinngangi á 2. hæð í fjölbýlishúsi við Laufengi 6 í Grafarvogi. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, eldhús og stofu. V. 21,9 m



**Jón Guðmundsson**  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Elías Haraldsson**  
Lögg. fasteignasali  
elias@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**  
Sölumáður  
gisl@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Halveig Guðnadóttir**  
Skrifstofustjóri  
halveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### Syðri – Reykir, Biskupstungum.



54,4 fm. sumarbústaður á mjög grónu og kjarri vöxnu 2,888 ha. eignarlandi við Syðri- Reyki í Biskupstungum.

Falleg fjallasýn m.a. sést til Hlíðufells og Bjarnarfells og allt að Jarlhettum í Langfjökl. Brúará umlykur landið á þrjá vegu. Bústaðurinn er á einni hæð og skiptist í tvö herbergi, stofu, eldhús og baðherbergi. Rafmagn og nægt heitt vatn. 20% eignarlutur fylgir í gesta- og baðhúsi og einnig 20% eignarlutur í 67.112 fm. landi.

**Verð 15,9 millj.**

### Sumarhús. Úthlið- Biskupstungur



Fallegur 52,3 fm. sumarbústaður ásamt 19,8 fm. geymslu/gestahúsi eða samtals 72,1 fm. með 140 fm. víðarverönd á frábærum stað í Úthlið í Biskupstungum. Bústaðurinn er á 7.924 fm. kjarri vöxnu eignarlandi og er einstakt útsýni úr honum til allra átta. Geymslan/ gestahúsið er fullbúið að utan en fókelt að innan og er í dag notað sem geymsla og vinnustofa. Bústaðurinn er er klæddur bandsagaðri gagnvarinni furu, standandi. Heitur pottur á verönd.

**Verð 19,7 millj.**

### Laugarásvegur 30. Parhús.



**Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.30-18.00**

200,0 fm. parhús á tveimur hæðum að meðtöldum 22,2 fm. innbyggðum bílskúr á þessum eftirsóttu stað í Laugardalnum. Stofa og borðstofa með aukinni lofthæð og með arni. Flísalagðar svalir út af stofum og út af holi. Lóðin er gróin með trjám og runnum. Ljósleiðari er kominn í húsið. Skipt var um þakfni og þakkanta sl. haust. Afar góð staðsetning.

**Verð 59,9 millj.**

Verið velkomin.

### Langalína 2 – Garðabæ. Glæsileg íbúð á efstu hæð með þakgarði.



**Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15-17.45**

Glæsileg 171,8 fm. íbúð á efstu hæð með um 85 fm. þakgarði til suðurs og vesturs í nýlegu og vönduðu fjölbýlishúsi. 2 sér stæði í bílageymslu fylgja eigninni. Íbúðin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Lofthæð í íbúðinni er allt að 5,5 metrar. Samliggjandi rúmgóðar og bjartar stofur með gólfisíðum gluggum. 3 herbergi og 2 glæsileg baðherbergi. Auk þakgarðs eru um 20 fm. svalir til norðausturs með yfirbyggðu þaki.

**Verð 79,9 millj.**

Íbúð merkt 0604.  
Verið velkomin.

### 2JA HERBERGJA



#### ÁSTÚN – KÓPAVOGI.

- 54,3 fm. íbúð á 4. hæð (efsta hæð).
- Sér inngangur af svölum.
- Stórar suðvestur svalir með glæsilegu útsýni.
- Góð staðsetning- stutt er í alla þjónustu og skóla.

**18,9 millj.**

### 3JA HERBERGJA



#### LAUFRIMI - REYKJAVÍK.

- Falleg og vel skipulögð 88,7 fm. íbúð á neðri hæð.
- Sérinngangur og sér garður.
- Sér þvottaherbergi. Rúmgóð svefnherbergi.
- Verönd til suðvesturs. Skóli og leikskóli í göngufæri.

**24,9 millj.**

### 3JA HERBERGJA



#### RÚGAKUR – ÍBÚÐ MEÐ SÉRINNGANGI.

- Glæsileg 142,9 fm. íbúð á 1. hæð, meðt. 24,5 fm. geymsla.
- Stórar svalir til suðurs. Sér stæði í bílageymslu.
- Fataherbergi innan hjónaherbergi.
- Frábær staðsetning. Stutt í skóla og leikskóla.

**44,9 millj.**

### 4RA- 6 HERBERGJA



#### LAUFÁS- GARÐABÆ. NEDRI SÉRHÆÐ.

- 119,2 fm. neðri sérhæð í tvíbýlishúsi auk 29,8 fm. bílskúrs og sér geymslu í kjallara í Ásahverfinu í Garðabæ. Íbúðin var öll endurnýjuð hið innra fyrir um 10 árum síðan, s.s. gólfefni, eldhúsinnrétting, innihurðir, baðherbergi, þvottaherbergi o.fl. Laus til afhendingar strax.

**Verð tilboð**



#### LOKASTÍGUR- REYKJAVÍK.

- Mikil endurnýjuð 61,1 fm. íbúð á jarðhæð.
- Nýlegar innréttingar í eldhúsi. Bjórt borð- og setustofa.
- Rúmgott svefnherbergi.
- 11,0 fm. sér geymsla á baklóð.

**27,0 millj.**



#### HRAUNTEIGUR - REYKJAVÍK.

- 66,5 fm. kjallaraíbúð á þessum eftirsóttu stað.
- Rúmgóð stofa. Tvö herbergi. Baðherbergi með sturtuklefa.
Kostaríka byrjar HM 2014 rétt eins og HM 1990; með óvæntum sigri. Kostaríka gerði sér lítið fyrir og vann Úrúgvæ, 3-1. Fyrir 24 árum vann Kostaríka lið Skotlands í fyrsta leik og fór upp úr erfiðum riðli ásamt Brasilíu eftir sigur á Svíþjóð. Þá, rétt eins og nú, var liðið með góðan markvörð. Luis Conejo stóð vaktina '90 en nú er **Keylor Navas** í markinu. Er annað ævintýri í uppsiglinu?



## ÚRSLIT

## UNDANKEPPNI HM 2015

## ÍSLAND - BOSNÍA 29-29 (10-15)

Ísland - Mörk (skot): Guðjón Valur Sigurðsson 8/1 (10/2), Snorri Steinn Guðjónsson 6/3 (8/4), Alexander Petersson 6 (11), Arnór Atlason 4 (8), Ásgeir Örn Hallgrímsson 3 (5), Þórir Ólafsson 2 (2), Róbert Gunnarsson (1), Ólafur Guðmundsson (2).

Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 18/2 (47/4, 38%).

Hraðaupphlaup: 6 (Guðjón Valur Sigurðsson 4, Alexander Petersson 1, Ásgeir Örn Hallgrímsson 1.).

Fiskuð víti: 6 (Guðjón Valur Sigurðsson 3, Snorri Steinn Guðjónsson 1, Ásgeir Örn Hallgrímsson 1, Þórir Ólafsson 1.).

Utan vallar: 8 mínútur.

Bosnía - Mörk (skot): Nikola Prce 7/1 (11/2), Ivan Karacic 6 (9), Faruk Vrazalic 4 (7), Dejan Malinovic 3/1 (6/2), Senjamin Buric 2 (3), Muhamed Toromanovic 2 (4), Alen Ovcina 2 (6), Dusko Celica 1 (2), Kosta Savic 1 (2), Marko Panic 1 (2).

Varin skot: Benjamin Buric 15/1 (40/4, 38%), Predrad Dejanovic 3/1 (7/2, 43%).

Utan vallar: 12 mínútur.

Dómarar: Csaba Dobrovits, Ungverjalandi og Peter Tajok, Ungverjalandi

## Köstuðu frá sér HM-sætinu

Íslenska landsliðið í handbolta verður ekki með á HM í Katar á næsta ári. Strákarnir gerðu jafntefli, 29-29, gegn Bosnía í gær og falla úr leik á einu marki. Liðið fór mjög illa að ráði sínu í leiknum.

**HANDBOLTI** „Þessi niðurstaða er gríðarleg vonbrigði og ég er ótrúlega svekktur. Það er erfitt að kyngja þessu,“ segir landsliðsþjálfarinn Aron Kristjánsson eftir vonbrigðin gegn Bosnía í gær.

Strákarnir okkar voru hörmulegir í fyrri hálfleik og voru fimm mörkum undir, 10-15, í hálfleik. Þeir lentu svo sex mörkum undir og komu til baka. Þeir komust meira að segja yfir og fengu svo sannarlega tækifærin til þess að fá farmiða til Katar. Sá farmiði gufaði endanlega upp í lokasókninni er Ísland þurfti eitt mark og var manni fleiri. Þá köstuðu strákarnir boltanum frá sér.

Þetta einvígi gegn Bosnía tapaðist ekki þar. Strákarnir náðu fjögurra marka forskoti í fyrri leiknum

um úti en töpuðu því niður. Þeir voru skelfilegir í fyrri hálfleik og náðu ekki að ganga alla leið er Bosníumenn voru komnir með bakið upp að veggnum í frábærri stemningu í Höllinni.

Niðurstaðan er gríðarleg vonbrigði. Bosníumenn höfðu aldrei tryggt sér farmiða á stórmót áður og með fullri virðingu fyrir ágætu liði þeirra þá á öflugt og reynt lið Íslands að klára svona einvígi. Liðið lék án Arons Pálmarssonar í báðum leikjunum og saknaði hans gríðarlega. Fleiri þurftu að stíga upp í kjölfarið en gerðu það ekki.

„Við eigum að vinna þetta lið á heimavelli en við lentum í erfiðleikum með sóknarleikinn okkar og þeir voru kannski að skora eftir langar sóknir. Við spiluðum

loks af krafti síðustu 25 mínútur leiksins og 5/1 vörninn okkar fór þá að virka. Í lokin eru það smáatriði sem gera það að verkum að þeir fara áfram en ekki við. Þegar við komumst yfir í seinni hálfleiknum þá áttum við að klára þá. Það er alveg ljóst en því miður þá gerðum við það ekki,“ segir Aron.

Það er mikið áfall fyrir íslenskan handbolta að missa af HM og ekki síst í ljósi þess að fyrir vikið verður erfiðara að komast á ÓL í Ríó.

„Nú þýðir ekkert annað en að safna vopnum og koma okkur inn á næsta Evrópumót. Svo þarf að ná framúrskarandi árangri þar til þess að komast til Ríó. Þannig er það bara,“ segir þjálfarinn.

henry@frettabladid.is



**SVEKKTUR** Aron gat ekki leynt vonbrigðum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Gott að sýna þeim ungu að ég kann þetta

Birgir Leifur vann fyrsta mótið sem hann keppti á.

**GOLF** „Það er alltaf gaman að vinna. Maður gerir það alltof sjaldan,“ sagði Birgir Leifur Hafþórsson, Íslandsmeistari í golfi, léttur í bragði við Fréttablaðið í gær eftir að hann bar sigur úr ýtum á Síamamótinu á Hamarsvelli í Borgarnesi, þriðja móti ársins í Eimskipsmótaröðinni.

Birgir hefur verið að keppa erlendis í sumar á úrtökumótum og mætti því ekki á fyrstu tvö mótin á mótaröðinni. Hann vann svo það fyrsta sem hann spilaði á í gær.

„Það er bara gaman að koma og sýna þessum ungu strákum að maður kann þetta ennþá,“ sagði hann og hló við.

Birgir Leifur fékk tvöfalðan skolla á lokaholunni en það sakaði ekki því Kristján Þór Einarsson úr GKJ, sem var efstur eftir fyrstu

tvo dagana, gerði enn verr og spilaði holuna á fjórum yfir pari.

„Við förum báðir í smá ævintýraleiðangur. Við slógum í vatn og á meðan ég lagði upp í högginu eftir vítið týndi hann boltanum. Hann gerði mér þetta því aðeins auðveldara þarna undir lokin,“ sagði Birgir Leifur sem var að spila Hamarsvöll í Borgarnesi í fyrsta skipti og var mjög ánægður með hann.

„Hann kom mér skemmtilega á óvart. Maður þarf að vera nákvæmur þó hann sé stuttur en það er eitthvað sem við þurfum að alast upp við hérna á Íslandi. Flatirnar eru litlar og með miklum halla. Hann er krefjandi og virkilega skemmtilegur,“ sagði Birgir Leifur Hafþórsson.

Sjálfur er hann nokkuð ánægður með leik sinn. „Það var margt gott í gangi en ýmislegt sem þarf að laga. Það er líka gott. Maður vill vera að bæta sig.“

- tom



## Luku keppni með sigri

Stelpurnar unnu tveggja marka sigur á Slóvakíu.

**HANDBOLTI** Kvinnalandsliðið í handbolta lauk leik í undankeppni EM 2014 með tíu marka sigri á Slóvakíu, 30-28, í Laugardalshöll í gær. Sigurinn skipti því miður engu fyrir riðilinn því úrslitin í honum voru ráðin fyrir leik og okkar stelpur ekki á leið á EM í Króatíu og Ungverjalandi.

Karen Knútsdóttir fór á kostum og skoraði tíu mörk og þá varði

Íris Björk Símonardóttir 19 skot í markinu.

„Þetta gefur okkur að við erum í aðeins betri stöðu næst þegar er dregið í riðla þannig að þetta skipti einhverju máli,“ sagði Ágúst Jóhannsson þjálfari eftir leik.

„Við töpuðum þessu sjálfar í október. Þetta er okkur sjálfum að kenna,“ sagði Karen Knútsdóttir svekkt í leiksklok.

- hbg

**PANTAÐU BIÐPÓST FYRIR SUMARFRÍÐ!**

Með biðpósti sleppurðu við að pósturinn hlaðist upp heima hjá þér meðan þú ert í fríi.

Pantaðu biðpóst á [www.postur.is](http://www.postur.is) eða á næsta pósthúsi og þú velur hvar pósturinn þinn biður eftir þér.

**VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA** [www.postur.is](http://www.postur.is)

POSTURINN



MIDNIGHT SUN MUSIC FESTIVAL X 20-22 JÚNÍ 2014

# SECRET X SOLSTICE

LAUGARDALUR-REYKJAVÍK X SECRETSOLSTICE.IS

FYRIR ÞÁ SEM KOMAST AÐEINS STAKA DAGA HÁTÍÐARINNAR

## TAKMARKAÐ MAGN DAGSMÍÐA

VERÐ: FÖSTUDAGUR 11.900 KR. // LAUGARDAGUR 12.900 KR. // SUNNUDAGUR 9.900 KR.  
ÞRIGGJA DAGA HÁTÍÐARPASSI 19.900 KR. // ÞRIGGJA DAGA VIP HÁTÍÐARPASSI 29.900 KR.

ATH. AÐEINS HÁTÍÐARPASSAR GILDA INN Í HEL (EKKI DAGSMÍÐAR)

20 JÚNÍ  
FÖSTUDAGUR

🕒	X VALHÖLL X
12:00	EIVÖR PÁLSDÓTTIR (FØ)
13:00	BLOODGROUP
14:00	FUFANU
15:00	MOSES HIGHTOWER
16:00	HE
17:00	MAUS
18:20	WOODKID (FR)
20:00	EATS EVERYTHING (UK)
	B2B SKREAM (UK)
22:30	DISCLOSURE DJ

🕒	X GIMLI X
12:00	RÚNAR ÞÓRISSON
13:00	KÓTT GRÁ ÞJE
14:00	MÓSI MUSIK
14:50	MAFAMA
16:00	LEAVES
17:00	GERVÍSYKUR
17:50	ALVIA ISLANDIA
18:20	SHADES OF REYKJAVÍK
19:20	REAL EYES (US)
21:20	FOX TRAIN SAFARI
22:30	MOLOTOV JUKEBOX (UK)

🕒	X EMBLA X
12:00	JULIA RUSLANOVNA
12:40	TANDRI
13:20	KING LUCKY
14:00	GHST (UK)
15:00	EWOK
16:10	RUSSIAN GIRLS
16:50	SKENG&B
18:10	AMY BECKER (UK)
19:30	MY NU LENG (UK)
21:00	KLOSE-ONE (UK)
22:30	ROBERT JAMES (UK)

🕒	X ASKUR X
12:00	SKURKEN
12:40	KERR
13:20	FUTUREGRAPHER
14:10	RAMI ALI (UK)
15:15	INTRO BEATS
16:30	LEX LUCA (UK)
18:00	ARTWORK (UK)
19:30	ONEMAN (UK)
21:00	SUBB-AN (UK)
22:30	GORGON CITY (UK)

🕒	X HEL X
the warehouse project	
CROSTOWN REBELS: REBELRAVE	
21:00	CLIVE HENRY (UK)
22:30	FRANCESCA LOMBARDO (UK)
00:00	APHROHEAD (US)
01:30	CARL CRAIG (US)
03:00	DAMIAN LAZARUS (UK)
05:00	LOKUN

21. JÚNÍ  
LAUGARDAGUR

🕒	X VALHÖLL X
12:00	KALEO
13:00	SÍSÝ EY
13:55	VÖK
14:50	MAMMÚT
15:50	HJALTALÍN
17:00	DISA
18:00	GLUTEUS MAXIMUS
19:10	GNARLS (US)
20:30	MÚM
22:30	MASSIVE ATTACK

🕒	X GIMLI X
13:00	REYKJAVÍKURDÆTUR
14:00	RVK SOUNDSYSTEM
16:20	AMABA DAMA
17:10	OJBA RASTA
18:00	ORIGINAL MELODY
19:00	JOHNY AND THE REST
19:50	DISCIPLES (UK)
21:10	BRAIN POLICE
22:00	JAMIE LEWIS (UK)
23:00	PY (UK)

🕒	X EMBLA X
12:00	KANILSNELDUR
12:50	VRONG
13:40	LORD PUSSWHIP
14:30	MARTEINN
15:20	KIDDI
16:20	GEIMFARAR
17:10	SOLARIS SUNGLAZE
18:30	KSF
20:00	BENSOL
21:30	EDDIE HOUSE
22:45	FRIMANN

🕒	X ASKUR X
12:00	MICRO PONY
12:40	BARELY LEGAL (UK)
13:40	MONKEY WRENCH (UK)
	B2B SPOILS (UK)
14:55	TRUE TIGER (UK)
16:10	LAFONTAINE
17:10	EXOS
18:10	MUSHY (UK)
19:30	HARRIMANN (UK)
21:00	BENTON (UK)
22:30	DOORLY (UK)

🕒	X HEL X
the warehouse project	
14:00	GREG LORD + KRYSKO (UK)
15:30	DJ MARGEIR
16:45	ELIPHINO (UK)
17:45	PALEMAN (UK)
19:00	JACKMASTER (UK)
20:30	ROB DA BANK (UK)
22:00	DROOG (UK)
23:30	BODDIKA (UK)
01:00	PAUL WOOLFORD (UK)
02:45	JAMIE JONES (UK)
05:00	LOKUN

22. JÚNÍ  
SUNNUDAGUR

🕒	X VALHÖLL X
12:00	HYMNALAYA
13:00	ELÍN EY
13:40	SNORRI HELGASON
14:50	DJ FLUGVÉL & GEIMSKIP
15:40	SIN FANG
16:40	BENNI B-RUFF
17:00	DILLALUDE
17:50	FORGOTTEN LORES
18:40	CELL7
19:30	ÚLFUR ÚLFUR
20:10	EMMSJÉ GAUTI
21:00	GÍSLI PÁLMI
21:40	XXX ROTTWEILER
22:40	Setback Boy (US)

🕒	X GIMLI X
12:00	MODESART
12:50	STEVE SAMPLING
13:40	CRYPTOCHROME
14:30	THIZONE
15:20	QUADRÚPLOS
16:10	TANYA & MARLON
17:00	BISTRO BOY
17:50	AGZILLA
18:40	HAZAR
19:30	ÁRNI 2
20:20	KIASMOS
21:20	HEROES IN HIDING (IRE)
22:00	SOMETIME
23:20	RUM BUFFALO (UK)

🕒	X EMBLA X
elements TAKEOVER	
12:00	ATLI KANILL
12:40	AXFJÖRÐ
13:20	SEAN DANKE
14:00	HENDRIK
15:00	LAGAFFE TALES
16:00	RIX
17:00	YAMAHO
18:00	PLASTIC LOVE (US)
19:30	CASANOVA
20:30	CENTURY (MEX)
21:45	GHOZT
23:00	SMOKIN JOE

🕒	X ASKUR X
12:00	VIKTOR BIRGISS
13:10	ORANG VOLANTE
14:25	OCULUS
15:45	OPEN SOURCE
16:35	ROB SHIELDS (UK)
17:45	CONTROLFREQS (US)
18:35	HOUSEKELL
19:35	KÁRI
20:30	BEN PEARCE (UK)
22:00	THE 2 BEARS (UK)

🕒	X HEL X
the warehouse project	
MADTECH RECORDS TAKEOVER	
15:00	PY (UK)
15:30	MIA DORA (UK)
17:00	VOYEUR (UK)
19:00	JOSH BUTLER (UK)
21:00	WAZE & ODYSSEY (UK)
23:00	KERRI CHANDLER (US)
01:00	LOKUN

18 ÁRA OG YNGRI ER HEIMILL AÐGANGUR Í YLGD MED FORRÁÐAMANNI. AÐGANGUR ÓKE YPIS FYRIR BÖRN YNGRI EN 8 ÁRA.

ATH. DAGSKRÁ ER BIRT MED FYRIRVARA UM BREYTINGAR.



MÍÐASALA Á SECRETSOLSTICE.IS OG Í LUCKY RECORDS



**FYRIRLIÐINN** Sara Björk Gunnarsdóttir í baráttunni gegn tveimur dönskum landsliðskonum í Vejle í gær.

# Líkurnar eru einfaldlega ekki með okkur

Umspilssæti hjá stelpunum mögulega úr sögunni.

**FÓTBOLTI** „Ég er ánægður með frammistöðuna en svekktur yfir niðurstöðunni,“ sagði Freyr Alexandersson, landsliðsþjálfari kvenna í fótbolta, við Fréttablaðið eftir jafnteflisleik liðsins gegn Danmörku í Vejle í gær, 1-1. Dóra María Lárusdóttir skoraði mark Íslands í fyrri hálfleik en heimakonur jöfnuðu sjö mínútum síðar. „Ég upplifði kraft í þessum leik. Við pressuðum þær eins hátt og við gátum og komum þeim í óþægilega stöðu. Ég hefði viljað fá þrjú stig til að halda draumnum lifandi en svona er þetta,“ sagði Freyr. Staðan er orðin erfið hjá stelpunum okkar í baráttunni um eitt af fjórum umspilssætum. Fjögur lið af sjö komast í umspilið og stiga-

söfnun Íslands hefur ekki verið nógu góð. „Líkurnar eru einfaldlega ekki með okkur eins og hinir riðlarnir eru að þróast. Þar eru tvö sterk lið og önnur veikari og þau sterkari klára sína leiki. En maður veit aldrei hvað gerist. Við eigum fjóra heimaleiki eftir og ætlum að vinna þá alla! Við getum endað með 22 stig, en svo er bara að sjá hvort það dugar,“ sagði Freyr sem var ánægður með hápressuna í leiknum og hvernig liðið hefur þróast. „Hápressan gekk miklu betur en því miður náðum við ekki að skapa okkur færi. Það er gaman að sjá hversu langt við erum komin á þessum átta mánuðum síðan ég tók við,“ sagði Freyr. **tomas@365.is**

**1-1** **Kópavogsvöllur** Áhorf: 680 **Gunnar Jarl Jónsson (8)**

**Mörkin:** 1-0 Árni Vilhjálmsson (8.), Jonathan Glenn (81.).

**BREIÐABLIK (4-3-3):** Gunnleifur Gunnleifsson 3 - Gísli Páll Helgason 4, Damir Muminovic 5, Elfar Freyr Helgason 4, Arnór Sveinn Aðalsteinsson 6 - Stefán Gíslason 5, Finnur Orri Margeirsson 6, Guðjón Pétur Lýðsson 5 - Tómas Óli Garðarsson 7, Árni Vilhjálmsson 7 (89. Elfar Árni Aðalsteinsson) Elvar Páll Sigurðsson 7 (58. Andri Rafn Yeoman 6).

**ÍBV (4-4-2):** Abel Dhaira 5 - Jökull I. Elfsarbetarson 6, Brynjar Gauti Guðjónsson 6, Eiður Aron Sigurbjörnsson 6 (78. Jón Ingason), Matt Garner 5 - Dean Edward Martin 5 (58. Bjarni Gunnarsson) Gunnar Þorsteinsson 6, Agnar Bragi Bergsson 4 (69. Ian Jeffs), Víðir Þorvarðarsson 3, \*Jonathan Glenn 8, Atli Fannar Jónsson 4.

**Skot (á mark):** 15-11 (5-7) **Horn:** 3-2

**Varin skot:** Gunnleifur 5 - Abel 3

**1-1** **Kaplakriki** Áhorf: 644 **Valgeir Valgeirsson (7)**

**Mörkin:** 1-0 Kristján Gauti Emilsson (13.), 1-1 Jóhann Helgi Hannesson (56.).

**FH (4-3-3):** Róbert Örn Óskarsson 6 - Sean Michael Reynolds 5, Pétur Viðarsson 5, Kassim Doumbia 6, Böðvar Böðvarsson 6 (66., Jón Ragnar Jónsson 5) - Davíð Þór Viðarsson 6, Samuel Hewson 4 (78., Atli Viðar Björnsson), Emil Pálsson 7 - Ólafur Páll Snorrason 6, Atli Guðnason 4 (66., Ingimundur Níels Óskarsson 5), \*Kristján Gauti Emilsson 7.

**PÖR (4-3-3):** Sandor Matus 7 - Shawn Nicklaw 6, Orri Freyr Hjaltalín 5, Atli Jens Albertsson 6, Ármann Pétur Evarsson 4 - Hlynur Atli Magnússon 5, Orri Sigurjónsson 6 (91., Halldór Orri Hjaltason), Jónas Björgvin Sigurbjörnsson 6 (75., Þórður Birgisson) - Sveinn Elías Jónsson 6, Kristinn Þór Björnsson 4 (54., Sigurður Marinó Kristjánsson 6), Jóhann Helgi Hannesson 7.

**Skot (á mark):** 14-6 (7-3) **Horn:** 8-3

**Varin skot:** Róbert Örn 2 - Sandor 5

**1-4** **Fjölinsvöllur** Áhorf: 464 **Vilhjálmur A. Þórarinn (6)**

**Mörkin:** 0-1 Tryggvi Sveinn Bjarnason (19.), 0-2 Ásgeir Marteinsson (28.), 1-2 Aron Sigurðarson (65.), 1-3 Arnþór Ari Atlason (81.), 1-4 Aron Þórður Albertsson (86.).

**FJÖLNIR (4-3-3):** Þórður Ingason 5 - Guðmundur Böðvar Guðjónsson 4, Haukur Lárusson 5 (46. Atli Már Þorbergsson 4), Bergsveinn Ólafsson 5, Matt-hew Ratajczak 4 - Illugi Þór Gunnarsson 5 (82. Júlíus Orri Óskarsson -), Gunnar Már Guðmundsson 5, Einar Karl Ingvarsson 3 - Ragnar Leósson 5, Guðmundur Karl Guðmundsson 4, Christopher Paul Tsonis 4 (56. Aron Sigurðarson 5).

**FRAM (4-3-3):** Ögmundur Kristinsson 6 - Halldór Arnarsson 6, Tryggvi Sveinn Bjarnason 7, Einar Bjarni Ómarsson 7, Ósvald Jarl Traustason 5 - Jóhannes Karl Guðjónsson 4 (46. Aron Þórður Albertsson 6), Hafsteinn Briem 7, Haukur Baldvinsson 7 (90. Aron Bjarnason -) - Ásgeir Marteinsson 6, \*Arnþór Ari Atlason 8, Björgólfur Takefusa 4 (46. Alexander Már Þorláksson 6) ..

**Skot (á mark):** 10-5 (5-4) **Horn:** 5-4

**Varin skot:** Þórður 0 - Ögmundur 4

**1-2** **Vodafonevöllur** Áhorf: 848 **Póroddur Hjaltalín (6)**

**Mörkin:** 1-0 Iain James Williamson (28.), 1-1 Aron Elís Práandaron (29.), 1-2 Henry Monaghan (83.).

**VALUR (4-3-3):** Fjalur Þorgeirsson 5 - Gunnar Gunnarsson 5 (63. Kolbeinn Káráson 5), Magnús Már Lúðvíksson 5, Bjarni Ólafur Eiríksson 6, Sigurður Egill Lárusson 6 - Haukur Páll Sigurðsson 6, Iain Williamson 6, Kristinn Freyr Sigurðsson 5 - Kristinn Ingi Halldórsson 6, Lucas Ohlander 4 (84. Ragnar Þór Gunnarsson -), Indriði Áki Þorláksson 4 (65. Halldór Hermann Jónsson 6).

**VÍKINGUR (4-3-3):** Ingvar Þór Kale 8 - Kjartan Dige Baldursson 6, Óttar Steinn Magnússon 6 (52. Henry Monaghan 6), Alan Löwing 7, Halldór Smári Sigurðsson 6 - Kristinn Magnússon 6, Igor Taskovic 7, \*Aron Elís Práandaron 8 - Dofri Snorrason 6, Todor Hristov 5 (77. Darrí Steinn Konráðsson -), Pape Mamadou Faye 4 (61. Arnþór Ingi Kristinsson 4).

**Skot (á mark):** 13-9 (8-6) **Horn:** 7-4

**Varin skot:** Fjalur 4 - Ingvar 7

**1-0** **KR-völlur** Áhorf: 1.004 **Erlendur Eiríksson (7)**

**Mörkin:** 1-0 Grétar Sigfinnur Sigurðarson (57.).

**KR (4-3-3):** Stefán Logi Magnússon 7 - Haukur Heiðar Hauksson 7, Grétar Sigfinnur Sigurðarson 5, Aron Bjarki Jóseppsson 6, Guðmundur Reynir Gunnarsson 5 - Farid Zato 6, Jónas Guðni Sævarsson 5, Baldur Sigurðsson 5 - Gonzalo Balbi 5, Óskar Örn Hauksson 7, Gary Martin 6 (84. Þorsteinn Már Ragnarsson -).

**FYLKIR (4-3-3):** Bjarni Þórður Halldórsson 7\* - Elís Rafn Björnsson 5, Ásgeir Eypósson 4, Stefán Ragnar Guðlaugsson 6, Tómas Joð Þorsteinsson 5 - Davíð Þór Ásbjörnsson 5, Oddur Ingi Guðmundsson 5, Viktor Örn Guðmundsson 4 (72. Andrew Sousa -) - Gunnar Örn Jónsson 3 (77. Andrés Már Jóhannsson -), Ragnar Bragi Sveinsson 4 (84. Ásgeir Örn Arnþórsson -), Sadmir Zekovic 4.

**Skot (á mark):** 21-9 (8-4) **Horn:** 4-4

**Varin skot:** Stefán 4 - Bjarni 6

**2-2** **Nettó-völlur** Áhorf: 970 **Garðar Örn Hinrikksson (7)**

**Mörkin:** 1-0 Sindri Snær Magnússon (50.), 1-1 Jeppe Hansen (61.), 1-2 Ólafur Karl Finsen (66.), 2-2 Sindri Snær Magnússon (68).

**KEFLAVÍK (4-3-3):** Jonas Sandqvist 5 - Endre Ove Brenne 5, Haraldur Freyr Guðmundsson 5, Halldór Kristinn Halldórsson 6, Magnús Þórir Matthíasson 5 - Einar Orri Einarsson 5, Frans Elvarsson 5, \*Sindri Snær Magnússon 8 - Jóhann Birnir Guðmundsson 6 (70. Magnús Sverrir Þorsteinsson), Elías Már Ómarsson 6, Hörður Sveinsson 5.

**STJARNAN (4-3-3):** Ingvar Jónsson 5 - Niclas Vemmelund 5, Martin Reuschenberg, Daniel Laxdal 4, Hörður Arnason 5 - Arnar Már Björgvinsson 5, Michael Præst 4, Atli Jóhannsson 5 (60. Pablo Punyed -) Ólafur Karl Finsen 6, Veigar Páll Gunnarsson 7, Jeppe Hansen 6 (79. Garðar Jóhannsson -).

**Skot (á mark):** 16-8 (3-5) **Horn:** 6-4

**Varin skot:** Jonas 3 - Ingvar 1

## Fullkomnaðu grillmáltíðina með grillbrauðinu frá Wewalka


**NÝTT**

Skemmtileg viðbót sem gerir grillsumarið bragðbetta.

**VILTU VINNA FERÐ FYRIR TVÖ TIL AUSTURRÍKIS Í HAUST?**

ÞÚ GÆTIR DOTTIÐ Í LUKKUPOTTINN MEÐ ÞVÍ AÐ KAUPA EITT WEWALKA DEIG. SKRIFAÐU NAFN, NETFANG OG SÍMA Á KASSAVITTUNINA, TAKTU MYND AF HENNI OG SENDU Á GODGAETI@INTERNET.IS EÐA Í PÓSTI TIL: GODGAETI, BREKKUSTÍGUR 4A, 101 REYKJAVÍK FYRIR 2. JÚLÍ.

www.facebook.com/godgaeti



**BORÐA DREKKA TYGGJA**



**FYRIR STERKAR OG HREINAR TENNUR**

 Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætufrnis í tyggigúmmii

## Stöð 2 kl. 20 Höfðingjar heim að sækja

Vandaðir þættir með Evu Laufeyju Kjaran Hermansdóttur þar sem hún heimsækir þjóðþekktu Íslendinga. Viðmælendurnir eru sannkallaðir sælkerar og eru flestir þekktir fyrir eitthvað allt annað en að vera í eldhúsinu. Þeim líður engu að síður dásamlega heima í eldhúsi að undirbúa gómsætar kræsingar handa fjölskyldunni og vinum.



## Í KVÖLD



### Game Of Thrones

**STÖÐ 2 KL. 21.05** Fjórða þáttaröðin um hið magnaða valdatafl og blóðuga valdabaráttu sjö konungsfjölskyldna í Westeros en allar vilja þær ná yfirráðum yfir hinu eina sanna konungssæti, The Iron Throne.



### HM: Gana - Bandaríkin

**STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 21.50** Stöð 2 Sport 2 sýnir beint frá leik Gana og Bandaríkjanna á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu. Allir leikir Bandaríkjanna verða sýndir á Stöð 2 Sport en Aron Jóhannsson leikur með bandaríska liðinu.



### Two and a Half Men

**STÖÐ 2 GULL KL. 19.35** Sjöunda sería þessa bráðskemmtilega þáttar um bræðurna Charlie og Alan. Charlie er eldhress piparsveinn sem kærir sig ekki um neinar flækjur en Alan er sjúklegur snyrtipinni sem á í stökustu vandræðum með sjálfstraustið.

## Bylgjan kl. 13-16 Rúnar Róberts

Rúnar er í loftinu á milli klukkan 13 og 16 alla virka daga. Rúnar fylgist með því sem er að gerast í þjóðlífinu hverju sinni, kíkir á sportið ásamt því að gefa þér vænan skammt af góðri Bylgjutónlist til að stytta þér stundir við vinnuna.



## SPORT 2 HM stöðin

### STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.00 Malcolm In The Middle (18:22)
- 08.25 2 Broke Girls (3:24)
- 08.45 Anger Management (3:10)
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (66:175)
- 10.10 Smash (14:15)
- 10.55 Perfect Couples (11:13)
- 11.20 I Hate My Teenage Daughter (12:13)
- 11.45 Falcon Crest (20:28)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 The X-Factor US (26:26)
- 14.25 ET Weekend (39:52)
- 15.10 Villingarnir
- 15.35 Ofurhetjusérsvéitin
- 16.00 Frasier (8:24)
- 16.25 The Big Bang Theory (4:24)
- 16.45 How I Met Your Mother (8:24)
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan (7:22)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.06 Veður
- 19.15 Mindy Project (3:24)
- 19.35 The Goldbergs (7:23)
- 20.00 Höfðingjar heim að sækja
- 20.20 Nashville (16:22)
- 21.05 Game Of Thrones (10:10)
- 22.00 Crisis (2:13)
- 22.45 Vice (10:12)
- 23.15 Anger Management (11:22)
- 23.40 White Collar (2:16)
- 00.25 Orange is the New Black (1:14)
- 01.20 Burn Notice (2:18)
- 02.05 Veep (6:10)
- 02.35 American Horror Story (10:12)
- 03.15 Airheads
- 04.45 Backdraft

### SPORT besta sætið

- 07.00 Pepsímörkin 2014
- 08.15 Pepsímörkin 2014
- 13.00 San Antonio - Miami
- 14.50 Keflavík Sverrir Bergmann
- 15.20 Moto GP - Katalónía
- 16.20 Keflavík - Stjarnan
- 18.10 Pepsímörkin 2014
- 19.25 San Antonio - Miami
- 21.25 UFC 174
- 23.55 UFC Now 2014

### SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 HM Messan
- 07.45 Argentína-Bosnía
- 12.20 Sviss - Ekvador
- 14.00 Frakkland-Hondúras
- 15.40 Alfonso
- 16.05 HM Messan
- 16.50 Argentína-Bosnía
- 18.30 Michael Owen
- 19.00 Germany, Fortaleza and Ghana
- 19.30 Pýskaland - Portúgal
- 21.10 HM Messan
- 21.50 Gana-Bandaríkin BEINT
- 00.00 Íran-Nígíría
- 01.40 HM Messan
- 02.25 Gana-Bandaríkin

### STÖÐ 3

- 17.30 Grand Designs (7:12)
- 18.20 Hart Of Dixie (17:22)
- 19.00 Take the Money and Run (4:6)
- 19.45 Bleep My Dad Says (9:18)
- 20.05 Time of Our Lives (4:13)
- 21.05 Glee 5 (20:20)
- 21.50 The Vampire Diaries (19:22)
- 22.35 Pretty Little Liars (16:25)
- 23.20 Nikita (17:22)
- 00.00 Take the Money and Run (4:6)
- 00.45 Terminator: The Sarah Connor Chronicles (2:22)
- 01.30 Bleep My Dad Says (9:18)
- 01.50 Time of Our Lives (4:13)
- 02.50 Glee 5 (20:20)
- 03.30 The Vampire Diaries (19:22)
- 04.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp-tíví

### Krakkastöðin

- 07.00 Ofurhundurinn Krypto
- 07.25 Skógardýrið Húgó
- 07.47 Tommi og Jenni
- 07.55 Hókus Pókus (3/14)
- 08.00 Brunabíllarnir
- 08.25 Latibær
- 08.47 Gulla og grænjaxlarnir
- 09.00 Dóra könnuður
- 09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 09.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 09.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 10.00 Áfram Diego, áfram!
- 10.24 Svampur Sveins
- 10.45 Ævintýraferðin
- 10.55 UKI
- 11.00 Ofurhundurinn Krypto
- 11.25 Skógardýrið Húgó
- 11.47 Tommi og Jenni
- 11.54 Hókus Pókus (3/14)
- 12.00 Brunabíllarnir
- 12.23 Latibær
- 12.47 Gulla og grænjaxlarnir
- 13.00 Dóra könnuður
- 13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 13.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 13.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 14.00 Áfram Diego, áfram!
- 14.24 Svampur Sveins
- 14.45 Ævintýraferðin
- 14.55 UKI
- 15.00 Ofurhundurinn Krypto
- 15.25 Skógardýrið Húgó
- 15.47 Tommi og Jenni
- 15.54 Hókus Pókus
- 16.00 Brunabíllarnir
- 16.23 Latibær
- 16.47 Gulla og grænjaxlarnir
- 17.00 Dóra könnuður
- 17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 17.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 17.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 18.00 Áfram Diego, áfram!
- 18.24 Svampur Sveins
- 18.45 Ævintýraferðin
- 18.55 UKI
- 19.00 Hvíti Kóalabjörninn
- 20.25 Sögur fyrir svefninn

### GULLSTÖÐIN

- 17.50 Strákarnir
- 18.20 Friends (16:24)
- 18.45 Seinfeld (2:23)
- 19.10 Modern Family
- 19.35 Two and a Half Men (13:22)
- 20.00 Sjálfstætt fólk Viðmælandi Jóns Ársæls í þættinum er enginn annar en rokkarinn og hnefaleikakappinn Bubbi Morthens.
- 20.30 Eldsnögg með Jóa Fel (6:12)
- 21.00 The Killing (12:12)
- 21.45 Sisters (4:22)
- 22.35 The Newsroom (7:10)
- 23.30 Rita (3:8)
- 00.15 Lærkevej (1:12)
- 00.55 Sjálfstætt fólk
- 01.25 Eldsnögg með Jóa Fel (6:12)
- 01.55 The Killing (12:12)
- 02.40 Sisters (4:22)
- 03.30 The Newsroom (7:10)
- 04.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp-tíví

### BÍÓSTÖÐIN

- 11.30 Bridges of Madison County
- 13.45 Robot and Frank
- 15.15 Office Space
- 16.45 Bridges of Madison County
- 19.00 Robot and Frank
- 20.30 Office Space
- 22.00 Green Hornet
- 00.00 Bad Ass
- 01.30 Blue Valentine
- 03.20 Green Hornet

### RÚV

- 12.35 HM í fótbolta (Sviss-Ekvador)
- 14.25 Herstöðvarlíf (16:23) (Army Wives)
- 15.10 Tánmálsfréttir
- 15.20 HM stofan Björn Bragi og gestir fjalla um mál málnanna á HM í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu.
- 15.50 HM í fótbolta (Pýskaland-Portúgal) Bein útsending frá leik Pýskalands og Portúgal á HM í fótbolta.
- 17.55 HM stofan Björn Bragi og gestir fjalla um mál málnanna á HM í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu.
- 18.25 Landsmót UMFÍ 50+ Íþrótt- og mannlífspáttur um Landsmót Ungmennafélags Íslands fyrir 50 ára og eldri í Vík í Mýrdal síðasta sumar. Umsjónarmaður: Samúel Örn Erlingsson. Dagskrágerð: Óskar Þór Nikulásson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Veðurfréttir
- 19.30 Íþróttir Íþróttir dagsins í máli og myndum.
- 19.40 Gríman 2014 (Íslensku sviðslista-verðlaunin) BEINT
- 21.15 Víkingarnir (5:9) (The Vikings)
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Veðramót Íslensk bíómynd frá 2007. Þrír hippar taka að sér rekstur vistheimilis fyrir vandræðaunglinga en sjá fljótt að hugsjónir þeirra duga skammt í því starfi. Leikstjóri er Guðný Halldórsdóttir og leikendur eru Tinna Hrafnadóttir, Hilmir Snær Guðnason, Hera Hilmarsdóttir, Atli Rafn Sigurðsson, Jörundur Ragnarsson, Gunnur Martinsdóttir Schlüter, Baltasar Breki Baltasarsson, Arnmundur Ernst Björnsson, Ugly Egilsdóttir og Þorsteinn Bachmann. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
- 00.00 HM í fótbolta (Gana-Bandaríkin)
- 01.45 Dagskrárlök

### SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond (13:26)
- 08.25 Dr. Phil
- 09.05 Pepsi MAX tónlist
- 16.35 Big Fat Gypsy Wedding (1:5)
- 17.25 Judging Amy (20:23)
- 18.10 Dr. Phil
- 18.50 Top Gear USA (4:16)
- 19.40 The Office (2:24)
- 20.05 Rules of Engagement (12:26)
- 20.30 Top Chef (12:15)
- 21.15 Rookie Blue (3:13)
- 22.00 Betrayal (1:13)
- 22.45 The Tonight Show Grínleikarinn Dave Chappelle sem gerði það gott í The Nutty Professor og Robin Hood: Men in Tights sest í stólinn hjá Jimmy Fallon. Harðnaglarnir í metalhljómsveitinni Body Count trylla lýðinn.
- 23.30 Law & Order (18:22)
- 00.15 Agents of S.H.I.E.L.D. (9:22)
- 01.00 Ironside (1:9)
- 01.45 Rookie Blue (3:13)
- 02.30 Betrayal (1:13)
- 03.15 The Tonight Show
- 04.00 Pepsi MAX tónlist

### Golfstöðin

- 08.00 US Open 2014
- 12.00 Golfing World 2014
- 12.50 US Open 2009
- 17.20 Inside The PGA Tour 2014
- 17.45 Golfing World 2014
- 18.35 US Open 2014
- 22.35 Golfing World 2014
- 23.25 PGA Tour Latinoamerica

## Gana - Bandaríkin í kvöld!

Stöð 2 Sport 2 sýnir 18 leiki í beinni frá HM í Brasilíu, m.a. alla leikina með Aroni Jóhannssyni og félagum í bandaríska landsliðinu. HM-messan verður svo á sínum stað þar sem Gummi Ben stýrir alvöru umfjöllun fyrir hvern leik kl. 21:10.

Ekkí missa af þessum magnaða íþróttaviðburði!

**SPORT 2 HM-MESSAN KL. 21:10**

**SPORT 2 GANA - BANDARÍKIN KL. 22:00**

### ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 90,1 Rás 2

- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið

- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 100,5 Kaninn

- FM 102,2 Útv. Latibær
- FM 102,9 Lindin
- FM 105,5 Útvarp Boðun

# Sony Center



## Bravia Hannað fyrir fótbolta

# 48"

Frábært verð - 5 ára ábyrgð  
199.990.-



Glæsileg hönnun á frábæru verði

48" LED SJÓNVARP KDL48W605

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Nettengjanlegt og innbyggt WiFi

VERÐ 199.990.-

5 ÁRA ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLUM SJÓNVÖRÐUM



Örþunnt og flott

32" SJÓNVARP KDL32R435

- HD Ready 1366 x768 punktar
- 100 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD Link

Verð 99.990.-



Stórkostleg myndgæði

42" 3D LED SJÓNVARP KDL42W828

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Nettengjanlegt og innbyggt WiFi

Tilboð 179.990.- Verð áður 199.990.-



Fæddur sigurvegari

55" 3D LED SJÓNVARP KDL55W955

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 800 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD link fyrir snjallsíma

Verð 449.990.-

Sony Center  
Verslun Nýherja Borgartúni  
569 7700

Sony Center  
Verslun Kringlunni  
569 7700

Sony Center  
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri  
569 7645

12 MÁNAÐA VAXTALAUS LÁN VISA\*

\*3,5% lántökugjald og 340 kr. færslugjald á hvern gjalddaga.

## MÁNUDAGSLAGIÐ



1nce again með Tribe Called Quest gerir góðan dag betri, sérstaklega mánuðaga.

Arnmundur Ernst Backman, leikari

## Illugi breiðir út fótboltaáhugann

Illugi Jökulsson hefur skrifað fjölda bóka um knattspyrnu, nú hafa átta slíkar bækur komið út í Bandaríkjunum og hafa þær fengið frábæra dóma í erlendum miðlum.

„Það er alltaf gaman að fá góða dóma, sama hversu högvær maður er,“ segir Illugi Jökulsson en bók hans og Björns Þórs Sigbjörns-sonar um stjórnurnar á HM í knattspyrnu hefur fengið frábæra dóma í erlendum miðlum líkt og hjá New York Times og á Amazon.

Illugi hefur skrifað talsverðan fjölda bóka í þeim tilgangi að fræða ungmenni um knattspyrnu,




ILLUGI JÖKULSSON

en nú hafa átta slíkar bækur einnig komið út í Bandaríkjunum. „Þær bækur sem komið hafa út í Bandaríkjunum eru meðal annars um þá einstaklinga sem við teljum verða helstu stjórnur á mótinu og einnig um bandaríska landsliðið,“ bætir Illugi við. Okkar

manns á HM, Arons Jóhannssonar sem spilar fyrir hönd Bandaríkjanna á HM, er getið í bókum Illuga.

Bækurnar, sem komu fyrst út á Íslandi fyrir um tveimur árum, hafa ekki einungis komið út vestan hafs því þær hafa einnig komið út í Svíþjóð og eru væntanlegar til útgáfu víðar í Evrópu.

Illugi hefur ekki alltaf haft mikinn áhuga á knattspyrnu. „Ég var lítill fótboltaáhugamaður framan af en áhuginn hefur færst í aukana með árunum. Ég er hins vegar afleitur knattspyrnumaður sjálfur,“ segir Illugi léttur í bragði.



HETJAN OKKAR Aron Jóhannsson sem spilar fyrir bandaríska landsliðið kemur fyrir í bókum Illuga.

## Tileinkar móður sinni nýju síðuna

Erna Indriðadóttir opnaði síðuna Lifðu núna sem fjallar um líf fólks sem komið er yfir miðjan aldur. Hún tileinkar móður sinni, Kristínu Guðnadóttur, síðuna.

„Þessi vefsíða hefur það fyrst og fremst að markmiði að fjalla um líf og störf þess fólks sem komið er yfir miðjan aldur,“ segir Erna Indriðadóttir, ritstjóri og stofnandi vefsíðunnar Lifðu núna, sem var opnuð á fimmtudag.

„Fólki í þessum hópi fjölga stöðugt og ef miðað er við fólk 55 og eldra telur hópurinn um 78 þúsund manns. Bara á næstu fimmtán árum á eftir að fjölga í honum um 35 þúsund manns. Þetta æviskeið er frábrugðið því sem lífið er þegar maður er um þrítugt og jafnvel fertugt. Mér fannst ekki óskaplega mikið fjallað um líf og störf fólks sem komið er yfir miðjan aldur og mig langaði að taka þátt í að efla þessa umræðu. Ég er fullviss um að fjölgun í eldri aldurs- hópum í samfélaginu mun leiða af sér gríðarlegar breytingar og við verðum að vera meðvitund um það,“ bætir Erna við.

Á vefsíðunni er að finna blöndu af fróðleik, fréttum og afþreyingu og segir Erna síðuna vera eins konar tímarit á vefnum þar sem hún tekur fyrir mál sem hún telur að séu athyglisverð og að þessi hópur hafi sérstakan áhuga á.

Hún tileinkar móður sinni, Kristínu Guðnadóttur, síðuna.

„Móðir mín hefur verið mín helsta fyrirmynd og hvatning í lífinu. Hún er í dag komin á níráðisaldur og hleypur út um allan bæ, lærir ensku, fer í leikhús, syndir og er alveg klingjandi klár í kollinum. Hún er minn helsti ráðgjafi í lífinu og mér fannst tilvalið að tileinka henni þessa síðu,“ segir Erna. Hún hefur fengið góð viðbrögð við síðunni.



GÓÐ VIÐBRÖGÐ Erna segir að margt brenni á fólki sem komið er yfir miðjan aldur.

“Móðir mín hefur verið mín helsta fyrirmynd og hvatning í lífinu. Hún er í dag komin á níráðisaldur og hleypur út um allan bæ, lærir ensku, fer í leikhús, syndir og er alveg klingjandi klár í kollinum.”

„Það er mjög margt sem brennur á þessum hópi og ég verð vör við að fólki finnst einmitt hafa vantað umfjöllun um þessi mál.“

- lkg

## Todmobile og Genesis rugla saman reytum

Gítarleikari hinar goðsagnakenndu hljómsveitar Genesis kemur fram á tónleikum með Todmobile í vetur. Hann semur einnig tónlist á nýja plötu Todmobile.

„Þetta er náttúrulega bara spennandi. Hann er einn af mínum helstu áhrifavöldum og það er frábært að fá að rugla saman reytum við áhrifavalda sína,“ segir tónlistarmaðurinn Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, en Steve Hackett, gítarleikari hljómsveitarinnar Genesis, kemur fram á tónleikum með Todmobile í vetur.

Um er að ræða tónleika þar sem Todmobile, ásamt strengjasveit, blásurum og kór í samstarfi við ýmsa þekktu listamenn frá öðrum löndum, setur ný og gömul verk í nýjan búning. „Við köllum þetta Rockhestruna Todmobile. Eftir ævintýrið með Jon Anderson höfum við fundið að með því að sýna listamönnum sem við höfum áhuga á að vinna með upptökur af okkur og Jon Anderson í Eldborg hafa menn verulegan áhuga á að fá svona „rockhestral treatment“ hér á Fróni. Nú leikum við svipaðan leik með Genesis-kempunni Steve Hackett og flytjum verk Genesis með honum, lög eins og Firth of Fifth, Supper's ready, Dance on Volcano og Land of Confusion, The Lamb lies down on Broadway o.fl. hann mun einnig leika með okkur stóru Todmobile-númerin,“ útskýrir Þorvaldur Bjarni. „Við gerum lögin okkar með því að útsetja þau upp á nýtt fyrir Rockhestruna. Ég verð þó trúr gömlu plötunum svo gamlir aðdáendur verði ekki fyrir vonbrigðum.“

Kom ekki til tals að fá Phil Collins eða Peter Gabriel í þetta samstarf? „Það kom til greina að fá Phil Collins og Peter Gabriel en Hackett er eini maðurinn sem heldur uppi Genesis-heiðrinum í dag. Phil Collins er eiginlega alveg hættur að koma fram út af veikindum og Peter Gabriel er að túra sjálfur. Hackett



TIL Í TUSKIÐ Hljómsveitin Todmobile kemur fram ásamt gítarleikara Genesis, Steve Hackett, í Eldborgarsal Hörpu í vetur.

MYND/INGÓLFUR BJARNMUNDSSON

### Goðsagnakennda sveitin Genesis

Hljómsveitin Genesis var stofnuð árið 1967 í Bretlandi og hefur gefið út fimmtán hljóðversplötur. Sveitin hefur selt um 130 milljónir platna á heimsvísu, sem gerir hana að einni söluhæstu sveit sögunnar.

Hljómborðsleikarinn Tony Banks, gítar- og bassaleikarinn Mike Rutherford og Phil Collins eru stofnendur sveitarinnar. Söngvarinn og flautuleikarinn Peter Gabriel, gítarleikararnir Steve Hackett og Anthony Phillips komu svo inn í sveitina og eiga allir sinn þátt í velgenginni.

Genesis er margverðlaunuð og var tekin inn í frægðarhöll rokksins árið 2010.

er hins vegar úti um allt að spila Genesis-efnið og verður nýbúinn að klára túr þegar hann kemur til Íslands, þannig að hann verður í fantaformi.“

Tónleikarnir eru þó ekki eina samstarf Hacketts og Todmobile vegna þess að Hackett mun spila inn á væntanlega plötu Todmobile

og semja texta. „Hann mun einnig semja lag með okkur fyrir plötuna. Þá erum við með tvær hetjur úr rokksögunni með okkur á plötunni, því Jon Anderson er líka með okkur á plötunni en hún kemur út í haust.“ Tónleikarnir fara fram þann 16. janúar í Eldborgarsalnum í Hörpu.

gunnarleo@frettabladid.is

## Þú færð landslagsráðgjöf og garðlausnir hjá okkur



Halla Hrund Pétursdóttir, landslagsarkitekt FÍLA, hjálpar þér við að skipuleggja garðinn þinn.

## Graníthellur

Steyrustöðin býður upp á mikið úrval af fallegum hellum og mynstursteypu fyrir heimili, garða, göngustíga og bílplön.

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

YFIR  
20  
TEGUNDIR  
AF HELLUM



STEYPUSTÖÐIN  
Sterkari lausnir

Skoðaðu úrvalið á [www.steyrustodin.is](http://www.steyrustodin.is)

Hringhellu 2  
221 Hafnarfjörður

Hrísmýri 8  
800 Selfoss

Malarhöfða 10  
110 Reykjavík

Berghólabraut 9  
230 Reykjanesbær

Sími 4 400 400  
[www.steyrustodin.is](http://www.steyrustodin.is)

TAKIÐ VEL Á MÓTI  
SÖLUFÓLKI  
GENGIÐ VERÐUR Í HÚS  
16.-30. JÚNÍ  
Verð aðeins 1.500 kr.

ADHD  
samtökin

FRUMLEG OG

fjölbreytt

ÓHÉFT OG  
ALLSKONAR  
ALLSKONAR!



VERTU ÞÚ SJÁLFUR. Gerðu það sem þú vilt!

SKILNINGUR  
SKIPTIR MÁLI

STUÐNINGUR SKAPAR  
SIGURVEGARA!

- ADHD er taugáproskaröskun í heila
- Helstu einkenni ADHD eru athyglisbrestur, ofvirkni og hvatvísi
- ADHD er algerlega óháð greind
- Talið er að á Íslandi séu um 10.000 fullorðnir og 6.000 börn með ADHD

- Einkenni ADHD geta verið mismunandi milli einstaklinga og aldurs
- Birtingarmynd ADHD er oft neikvæð
- Horfum á það jákvæða og styrkjum
- Eyðum fordómum

ADHD samtökin, Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík, sími 581-1110, [www.adhd.is](http://www.adhd.is)

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Rappaði við reggfíð

Það var heldur betur stuð í nafnlausu listastúdíói úti á Granda um helgina þar sem svonefndir Grandabæður héldu árlegu Happy Festival-hátíðina sem mikill metnaður þykir lagður í og ekki var dagskráin af verri endanum. Alveg frá klukkan átta á laugardagskvöldinu og fram yfir hádegi á sunnudag var þéttskipuð dagskrá tónlistar- og skemmtiatriða. Var það reggfíðljómsveitin Ojba Rasta sem fór á svið klukkan 05.30 við mikinn fögnuð viðstaddra og gerði **Unnsteinn Manúel Stefánsson**, söngvari Retro Stefson, sér lítið fyrir og stökk upp á sviðið ásamt Ojba Rasta þar sem hann rappaði við reggfíð viðstöddum til ómældrar ánægju. - bp



### Skáluðu á Nauthól

Það var góð stemning á Nauthól í gær þegar **Tinna Gunnlaugsdóttir** þjóðleikhússtjóri hélt upp á sextugsafmæli sitt. Fjölmenn var í stórafmælinu og þar mátti meðal annars sjá Vigdísí Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta, Svein Einarsson, fyrrverandi þjóðleikhússtjóra, Kristínu Eysteinsdóttur, leikhússtjóra Borgarleikhússins, Hilmi Snæ Guðnason og Ingvar E. Sigurðsson ásamt fleiri leikurum Þjóðleikhússins, leikstjórn Baltasar Kormák, Hallgrím Helgason og Jakob Frímann Magnússon Sonur Tinnu, Gunnlaugur Egilsson, er sagður hafa slegið í gegn með dansverki tileinkuðu móður sinni. Trío Björns Thoroddsen lék fyrir gesti og greip Egill Ólafsson oft en einu sinni í míkrofóninn og söng til Tinnu. - bp



### Mest lesið **vísir**

- 1 „Pú ert víst að fara til Kaupmannahafnar!“
- 2 Vélhjólslýs á Bíladögum
- 3 Lögbrot á Bíladögum aldrei verið fleiri
- 4 Fimm slasaðir eftir mótokrossmót á Suðurlandi
- 5 Stærsti fíll Keníu drepinn af veiðþjófum

**SONOS**  
FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM

**Sjónvarpsmiðstöðin**  
RAFTÆKJAVÆRSLUN • SÍJUMULA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

# SUMMAR ÞRÍBÓÐ!

## 30-50% AFSLÁTTUR

**FARYN PLUSH**  
Queen Size (153x203 cm)  
FULLT VERÐ 282.083 kr.  
**197.458 kr.**  
**30% AFSLÁTTUR**

**CACHE EURO**  
King Size (193x203 cm)  
FULLT VERÐ 355.319 kr.  
**213.191 kr.**  
**40% AFSLÁTTUR**

**CELESTIAL DIAMOND**  
King Size (193x203 cm)  
FULLT VERÐ 331.233 kr.  
**165.616 kr.**  
**50% AFSLÁTTUR**

**12 MÁNADA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR**

**rekkjan**